Reykjavíkurborg

Reykjavík, 5. desember 2023
MSS23110027

Borgarráð

***Tillaga um úthlutun úr Miðborgarsjóði 2023***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki neðangreinda úthlutun úr Miðborgarsjóði fyrir árið 2023.

Umsóknarfrestur um styrki úr Miðborgarsjóði rann út 1. nóvember 2023. Alls bárust 37 umsóknir og sótt var um styrki að fjárhæð 50.941.000 kr. Horft var til fjölbreytni, nýsköpunar, fjölda sem nýtur viðburðarins, að styrkja grasrótina, áhrif á þróun miðborgarinnar, samsetning hóps sem sótti um, aðgengileika viðburðar eða verkefnis, áhrif til lengri tíma, samlegðaráhrifa og gæði umsókna.

Tillagan var kynnt á samráðsvettvang miðborgarmála til umsagnar og engar athugasemdir bárust.

Lagt er til að eftirfarandi 20 verkefni verði styrkt:

| **Heiti verkefnis** | **Upphæð:** |
|---|---:|
| Tónleikarýmið R6013 | 2.000.000 kr. |
| Fjölmenningarleg vetrarhátíð - tón,- dans,- og föndursmiðja | 500.000 kr. |
| Minning um sumar | 100.000 kr. |
| Jazz í Djúpinu | 800.000 kr. |
| Kvartettinn Negla á Sígildum sunnudögum | 100.000 kr. |
| Ástarljóð og austanvindar: Tónleikar á Sígildum sunnudögum | 100.000 kr. |
| KANNSKI | 800.000 kr. |
| Eins og Tjara... Myndlistarsýning í Höggmyndagarðinum | 100.000 kr. |
| Wasteland Ísland | 500.000 kr. |
| CODAPENT - Sviðslistaþerapía | 100.000 kr. |
| Afrískir Laugardagar í miðborg Reykjavíkur | 300.000 kr. |
| Hringrásarsafnið - Second location in 101 | 1.000.000 kr. |
| Vefútvarpið DRIF í turninum á Lækjartorgi | 400.000 kr. |
| Barokkveisla nýja ársins 2024 | 100.000 kr. |
| Vegglistaverk í undirgöngin við Grettisgötu 73 | 300.000 kr. |
| Götubitahátíð í Hljómskálagarðinum - 19-21 júlí 2024 | 1.000.000 kr. |
| Reykjavík Fringe 2024 | 500.000 kr. |
| Fimmtudagurinn langi 2024 | 1.000.000 kr. |
| Sumarjazz Jómfrúarinnar 2024 | 400.000 kr. |
| Fyrirbæri múltí komplex listamannarekið rými: sýningar og viðburðir 2024 | 2.000.000 kr. |
| **Samtals:** | **12.100.000 kr.** |

Reykjavíkurborg

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Miðborgarsjóður úthlutun 2023 - tillaga

Jafnréttisskimun vegna úthlutunar 2023

Heildaryfirlit yfir allar innsendar umsóknir sem bárust Miðborgarsjóði 2023.

| Heiti verkefnis | Umsækjandi | Hvert er verkefnið (samantekt) | Ef já vinsamlegast gerið grein fyrir verkefninu, upphæð styrks, ráðstöfun og nýtingu fjármuna | Umsækjandi skal tilgreina jafnréttismarkmið og hvernig verkefnið samræmist mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar | Upphæð sem sótt er um (kr.) | Fylgigögn | Fylgigögn | Fylgigögn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tónleikarýmið R6013** | | R6013 hefur boðið upp á fjölbreytta tónleikadagskrá síðan vorið 2017, en á þeim tíma hafa verið haldnir á annað hundrað tónleika og annars konar viðburða í rýminu. Rýmið hefur fest sig í sessi sem mikilvægur kjarni grasrótarinnar í Reykjavík og hefur verið virkasta (og oft eina) rýmið sem býður upp á tónleika fyrir alla aldurshópa. Þar mætast ólíkar stefnur og straumar og gestir fá gullin tækifæri til að hugsa út fyrir rammann og kynnast nýjum tónlistarstefnum og listformum. Rýmið er ekki bundið ákveðinni stefnu eða ákveðnum hópum heldur leggur mikið upp úr því að bjóða ólíkum hópum rými til að blandast. | Rýmið hlaut styrk upp á 2.000.000 kr. úr Miðborgarsjóði í lok árs 2021. Styrkurinn nýttist að mestu í tónleikahald á árinu 2022. Haldnir voru 16 tónleikar þar sem öll fengu greitt fyrir sína vinnu. Þar sem starfsemin heldur áfram óháð fjármagninu og við erum öll vön að stunda hana í ólaunaðri sjálfboðavinnu þá ákvað ég að dreifa styrknum yfir allt árið svo sem flest nytu góðs af frekar en að greiða fullt verð fyrir hvert verk. Fólk var afar ánægt með það og þakklátt fyrir að fá einhverja greiðslu. Ég miðaði við rúmlega 100.000 kr. í kostnað fyrir hverja tónleika (þóknun til listamanna, hljóð/ljósamaður, undirbúningur, matseld o.fl.)<br>Á tónleikum komu að jafnaði fram 3-4 hljómsveitir og notaðist ég við kúrvu sem fór eftir meðlimafjölda til að reikna út greiðslur til listamanna (15-30.000 kr).<br><br>Yfirlit yfir kostnað við tónleika ársins 2022:<br>20. nóv - 100000<br>18. mars - 75000<br>2. apríl - 135000<br>8. apríl - 85000<br>9. apríl - 120000<br>4. maí - 115000<br>7. maí - 140000<br>11. júní - 130000<br>21. júlí - 130000<br>27. ágúst - 105000<br>10. september - 125000<br>17. september - 135000<br>18. september -155000<br>22. september - 127242<br>25. september - 120000 | Tónleikar í R6013 eru alltaf opnir öllum. Ekki er rukkað inn og engin aldurstakmörk sett, sem er undirstrikað með því að tónleikar eru ávallt innan afmarkaðs útivistartíma ungmenna (yfirleitt frá 18:00 og ávallt lokið fyrir 22:00).<br>R6013 leggur mikla áherslu á að tengja saman ólíka hópa og ýta undir samvinnu og nýjar tengingar.<br><br>Þetta felur m.a. í sér að gefa ungum og upprennandi hljómsveitum tækifæri til að stíga á svið meðal lengra kominna, og að bjóða listafólk sem er af erlendu bergi brotið velkomið, sýna að öllum er velkomið að taka þátt virku tónlistarlífi borgarinnar.<br><br>Á tónleikum er einnig yfirleitt boðið upp á dýraafurðalausan mat, gestum að kostnaðarlausu. Það býður fólk enn frekar velkomið í samfélagið sem rýmið hýsir, og er það aðgengilegt óháð fjárhagsstöðu.<br><br>R6013 vinnur markvisst að því að jafna kynjahlutföll á tónleikum. Ítarlegt yfirlit yfir alla tónleika sem hafa verið haldnir í R6013 hingað til með kynjuðum skífuritum má sjá hér:<br><br>https://docs.google.com/spreadsheets/d/1LSpqz_uCGRjOt6BzhfxiuDt3PCpHbFr0p_d17q3Xl SU/edit#gid=0 | 6.000.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2159/R6013%20mi%C3%B0borgarsj%C3%B3%C3%B0ur%20ums%C3%B3kn.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2159/R6013%20fj%C3%A1rhags%C3%A1%C3%A6tlun%20fyrir%20Mi%C3%B0borgarsj%C3%B3%C3%B0%20%2723_%2724%20-%20Bla%C3%B01.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2159/Ferilskr%C3%A1%20%C3%86gir%20Sindri-2.pdf |
| **Fjölmenningarleg vetrarhátíð - tón,- dans,- og föndursmiðja** | Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) | Markmiðið með vetrarhátíð ÍMR er gefa íbúum miðborgarinnar tækifæri á að lyfta sér upp og fagna að skammdeginu sé að ljúka. Ætlunin er að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá tón,- dans- og föndurviðburða með áherslu á sköpun og samstarf. Stefnt er að því að viðburðirnar endurspegli sem best þá litríku fjölmenningu sem íbúar miðborgarinnar búa yfir. Einnig er stefnt að því að fá íbúana til að taka þátt í þeim eins og kostur er. Þannig mun hátíðin auka við mannlíf og fjölmenningu í hverfinu, skírskota til þess breiða hóps sem í því býr og um leið að efla samhug og samkennd þeirra á meðal. Hátíðin mun fara fram í Spennistöðinni, félags- og menningarmiðstöð íbúa miðborgarinnar, en miðstöðin var m.a. sett á stofn á sínum tíma að tilstuðlan íbúasamtakanna. Einhverjir viðburðanna verða utanhúss ef veður leyfir. | ÍMR hefur fenigð fjölda styrkja frá Reykjavíkurborg gegnum árin, m.a. rekstarstyrki og fleiri styrki úr Hverfissjóði auk styrkja úr Miðborgarsjóði, Allir styrkir hafa verið gerðir upp, skv. reglum borgarinnar. Síðast rekstrarstyrkur fyrir 2022, að upphæð kr. 100.000,- sem fór í rekstur samtakanna það rekstarár. | Öll starfssemi ÍMR og allir viðburðir sem samtökin halda eru ætluð er öllum íbúum í miðbænum, óháð aldri, kyni, kynferði, uppruna o.s.fr. ÍMR gerir ekki greinarmun á íbúum miðborgarinnar að neinu leyti. Allir íbúar sem eiga lögheimili á svæðinu og eru 18 ára og eldri hafa kjörgengi og atkvæðisrétt á fundum félagsins. | 750000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2196/231016%20Greinarger%C3%B0%20me%C3%B0%20ums%C3%B3kn_%C3%8DMR_Mi%C3%B0borgasj%C3%B3%C3%B0ur_2023.docx | | |
| **Minning um sumar** | Anna Þórhildur Gunnarsdóttir | Tvíeykið Dúó Áróra samanstendur af söngkonunni Solveigu Óskarsdóttur og píanistanum Önnu Þórhildi Gunnarsdóttur. Á þessum tónleikum munu þær flytja sönglög víðsvegar að úr heiminum, og fara á ferðalag um árstíðirnar. Efnisskráin er blanda þekktra sem og minna fluttra verka, m.a. eftir Tryggva M. Baldvinsson, Jean Sibelius og Isabelle Aboulker. Um er að ræða u.þ.b. klukkustundar tónleika á vormisseri í Hafnarhúsinu á Tryggvagötu eða Hannesarholti, drög að efnisskrá má finna neðst.<br><br>Markmið tónleikanna er að spila verk sem eru sjaldan flutt og auka sýnileika kvenkynstónskálda, efla klassískt tónlistarlíf í miðborg Reykjavíkur með áherslu á lifandi og skemmtilega dagskrá. Einnig viljum við auka aðgengi að menningarefni með því að hafa tónleikana gjaldfrjálsa.<br><br>Dúó Áróra hlaut í fyrra styrk úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands og skipulagði velheppnaða tónleikaröð um Vesturland í júní 2023. Þetta voru sex tónleikar á Akranesi, í Borgarnesi og Stykkishólmi með viðkomu á hjúkrunarheimilum bæjanna þar sem létt lög voru flutt fyrir heimilisfólk.<br><br>Drög að efnisskrá:<br>Jón Ásgeirsson<br>Maístjarnan<br>Vor hinsti dagur<br><br>Tryggvi M. Baldvinsson<br>Vont og gott<br><br>Isabelle Aboulker | 200.000 árið 2022 úr Borgarsjóði til að halda þrenna tónleika á hjúkrunarheimilum í Reykjavík. Tónleikarnir fóru fram við góðar undirtektir á Hrafnistu á Laugarási, Sóltúni og Hjúkrunarheimilinu Grund. Upphæðin fór í laun listamannanna, 100.000 í laun píanista og 100.000 í laun söngvara. Þþþþ | Verkefnið samræmist mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á þá leið að við erum að auka jafnræði í klassíska tónlistarheiminum með því að vinna markvisst að því að spila tónverk eftir kvenkynstónskáld. Verkefnið eflir einnig jafnræði í samfélaginu með því að hafa tónleikana gjaldfrjálsa, og stuðla þannig að því að fólk getur sótt tónleikana óháð efnahag, þar sem að á verðbólgutímum sem þessum þá er ekki sjálfsagt að fólk hafi tök á að sækja tónleika og greiða aðgangseyri. Við munum leitast við að auglýsa þessa tónleika hjá öllum aldurshópum og hvetja sérstaklega yngra fólk til að sækja klassískan menningarviðburð. Við stefnum að því að hafa tónleikana í Hafnarhúsinu, en óháð staðsetningu leggjum við áherslu á að tónleikasalurinn hafi gott aðgengi svo að allir sem vilji geti sótt tónleikana. | 200.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2218/I%CC%81SL_Anna%20%C3%9Eo%CC%81rhildur%20Gunnarsdo%CC%81ttir_CV%20og%20BIO_2024.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2218/Solveig%20O%CC%81skarsdo%CC%81ttir%20CV%20.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2218/Hlekkir%20fyrir%20Du%CC%81o%CC%81%20A%CC%81ro%CC%81ru.pdf |
| **Day in Reykjavik** | Street ehf. | Dagsleiga á rafbílum til ferðamanna með stutt stopp á Íslandi. Ætlunin er að ferðamenn sjái meira en bara flugstöðina og geti ferðast til og um borgina á rafbílum fyrir gjafaverð. | | Hjá Street eru allir jafn velkomnir | 2000000 | | | |
| **Jazz í Djúpinu** | Jazzdeild FÍH | Jazzdeild FÍH stendur fyrir vikulegri jazztónleikaröð í Djúpinu, í kjallara veitingastaðarins Hornsins, Hafnarstræti 15 - í hjarta miðborgarinnar, árið 2024. Tónleikaröðin hóf göngu sína sumarið 2023 og hefur gengið vonum framar. Gert er ráð fyrir 8 vikulegum tónleikum að vori (febrúar-apríl), sumri (júní-ágúst) og hausti (september-nóvember). | | Eins og áður segir er tónleikahald miðað við 8 tónleika í hverri lotu. Gætt verður jafns kynjahlutfalls þegar kemur að hljómsveitarstjórum. Þ.e. fjórir tónleikar verða með karlkyns hljómsveitarstjóra og fjórir með kvenkyns í hverri lotu. Við val á atriðum munum við hafa í huga þá breidd stíla sem við viljum bjóða upp á tónleikaröðinni, ásamt listrænu gildi innsendra umsókna. Tónleikarnir verða svo að sjálfsögðu opnir öllum þeim sem kjósa að sækja þá. | 1500000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2247/Jazz%20i%CC%81%20Dju%CC%81pinu%20-%20Mi%C3%B0borgarsjo%CC%81%C3%B0ur%202023%20frekari%20upply%CC%81singar.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2247/Jazz%20i%CC%81%20Dju%CC%81pinu%20-%20a%CC%81ri%C3%B0%202024%20-%20A%CC%81%C3%A6tlun%20mi%C3%B0borgarborgarsjo%CC%81%C3%B0ur%20-%20Fja%CC%81rhagur.pdf | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Kvartettinn Negla á Sígildum sunnudögum** | Anna Elísabet Sigurðardóttir | Píanókvartettinn Negla er nýr kvartett sem tók til starfa árið 2023 með tónleikum í Tíbrá í Salnum og í Hofi á tónleikum á vegum Tónlistarfélags Akureyrar. Um þá tónleika skrifaði Michael Jón Clarke m.a.:<br><br>“Strax á fyrstu tónum var ljóst að hér væri ekki um venjulegan flutning að ræða. Þar var einhver blanda af mýkt og styrk, tónarnir flæddu milli hljóðfæra eins og fljót af kvikasilfri. Stuttu stefin sem Mahler fléttar svo meistaralega milli hljóðfæra köstuðust mjúklega milli bakka þessa silfurfljóts svo kröftuglega en í senn áreynslulaust að verkið var næstum eins og eilífður straumur. Samspilið milli flytjenda var eins og um væri að ræða eitt stórt hljóðfæri.”<br><br>Á öðru starfsárinu sínu ætla meðlimir Neglu að halda áfram að tefla saman annars vegar nýjum verkum sem áheyrendur gætu verið að heyra í fyrsta sinn og hins vegar þekktum stórvirkjum klassískrar tónlistar.<br><br>Kvartettinn kemur nú fram á Sígildum sunnudögum með spennandi efnisskrá og flytur píanókvartetta eftir Peteris Vasks og Johannes Brahms. Hér blandast saman gamalt og nýtt, hárómantískur kvartett Brahms og beinskeyttur, þjóðlagakenndur kvartett Vasks sem saminn er 126 árum síðar.<br><br>Þetta eru á vissan hátt ólík verk, en þó hvort tveggja tónsmíðar sem engan láta ósnortinn vegna fegurðar sinnar, dramatíkur og heillandi samspils þessara fjögurra hljóðfæra.<br><br>Tónmál þessara tónskálda er ólíkt, eins og gefur að skilja, en | | Við stöndum fyrir opnum viðburði í Reykjavík þar sem við leitumst við að höfða til fjölbreytts hlustendahóps með aðgengilegri efnisskrá á háu listrænu plani. Aðgengi í Hörpu er eins og best verður á kosið og við munum hafa ódýrari miða fyrir ungt fólk, nemendur, öryrkja og eldri borgara. Okkar von er að hlustendahópur klassískrar tónlistar stækki með því að gera komu á tónleika aðgengilegri og þar með talið að auglýsa vel á ýmsum miðlum til að ná til sem flestra. Ein af þeim leiðum til að ná til fleiri hlustenda er að fara í nokkra skóla dagana fyrir tónleika og kynna tónlistina og hljóðfærin og færa þannig verkefnið nær almenningi og mögulega fá stærri og breiðari hlustendahóp í kjölfarið. Einnig munum við flytja hluta af dagskránni á ýmsum stofnunum eins og hjúkrunarheimilum, sjúkrahúsum, elliheimilum eða fangelsum til að gefa þeim sem ekki hafa færi á að koma á tónleika tækifæri til að hlýða á og njóta lifandi tónlistarflutnings. | 650.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2257/1.jpg | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2257/Ferilskr%C3%A1r%20Neglu.PDF | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2257/Kostna%C3%B0ar%C3%A1%C3%A6tlun.PDF |
| **Gróðurhús Vesturbæjar í Verkógarðinum** | Hrund Heiðrúnardóttir | Pælingin er að setja upp lítið gróðurhús í Verkógarðinum. Garðurinn er skjólsæll og þrátt fyrir staðsetningu gætu Vesturbæingar nýtt það til forræktunar á grænmeti, kryddjurtum og blómum fyrir áhugasama. Plássið við gróður kassana er vannýtt og reksturinn er lítill. Þetta gæti orðið búbót fyrir þá sem vilja, verið skemmtileg viðbót við dásamlegan garð. | | Verkefnið getur orðið að skemmtilegu samfélagsverkefni að danskri fyrirmynd, getur verið búbót og eflt íbúasamstöðu. | 396.000 | | | |
| **Líkamsrækt fyrir börn og ungmenni sem glíma við kvíða og þunglyndi** | Ekki Gefast Upp! | Ekki Gefast Upp! og er líkamsrækt fyrir börn og ungmenni sem að eru að glíma við andlega vanlíðan<br>ss þunglyndi, félagsfælni eða kvíða. Þau börn og ungmenni sem koma til okkar hafa annaðhvort ekki<br>fundið sig í hefðbundnu íþróttastarfi eða að þau vantar umhverfi þar sem skrefið að gera líkamsrækt að hluta af sínu lífi er stytt til muna. Markmið verkefnsins er að bjóða ört stækkandi hóp<br>ungmenna sem glíma við geð- og þroskaraskanir, sérhæfða og persónubundna líkamsrækt. stuðla að því<br>að iðkendur fái jákvæða upplifun af því að hreyfa sig. Iðkendur finni gleðina sem líkamleg hreyfing<br>getur skapað svo einstaklingur geti gert hana að reglubundnum lífsstíl á fullorðinsárum. Algengt er<br>að þau ungmenni sem til okkar leita búi að neikvæðri reynslu úr skipulögðu íþróttastarfi eða<br>skólaleikfimi. Oftar en ekki vegna eineltis, félagskvíða eða vegna neikvæðar likamsímyndar. Við sem að námskeiðinu komum erum öll með mikla og fjölbreytta reynslu á því að starfa með ungu<br>fólki sem glímir við andlega vanlíðan en undirritaður starfar nú sem atvinnulífstengill fyrir ungt fólk<br>hjá Virk starfsendurhæfingu. Þar áður starfaði ég sem ráðgjafi á legudeild Bugl til fjölda ára en á þeim<br>tíma vaknaði sú hugmynd að búa til námskeið fyrir hóp sem þyrfti slíka sérhæfða og<br>einstaklingsmiðaða aðstoð. Á tímum þar sem sjaldan hefur verið mikilvægara að hlúga að andlegri og<br>líkamlegri heilsu ungs fólks. Getum við með auknu fjármagni boðið fleiri ungmennum uppá<br>líkamsrækt í umhverfi sem er skapað að þeirra þörfum og á | | Við höfum boðið upp á námskeið síðan 2016 en megin markmið okkar verið að stuðla að því<br>að iðkendur að skapa vettfang þar sem iðkendur geti fengið jákvæða upplifun af því að hreyfa sig. Að finna gleðina sem líkamleg hreyfing<br>getur skapað en algengt er að þau ungmenni sem til okkar leita búi að neikvæðri reynslu úr skipulögðu íþróttastarfi eða<br>skólaleikfimi vegna eineltis, félagskvíða eða vegna neikvæðar likamsímyndar. Einnig er tekið tillit til líkamlegs atgervis hvort sem það er ofþyngd, fötlun eða einhverskonar<br>átröskun. | 3.000.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2266/Umsokn.EkkiGefastUpp%20%281%29.docx | | |
| **Ástarljóð og austanvindar: Tónleikar á Sígildum sunnudögum í Hörpu 21.4 2024** | Þóra Kristín Gunnarsdóttir | Kammerkvartettinn ásamt píanódúói bjóða til ástarsöngvaveislu! Fluttir verða tveir ljóðaflokkar, Spænskir ástarsöngvar op. 138 eftir Robert Schumann og Ástarsöngva-valsar op. 52 eftir Johannes Brahms, sem byggjast báðir á þjóðlagatextum um ástina, auk Mynda að austan fyrir fjórhent píanó sem er innblásið af arabískum ljóðatextum og passar því einkar vel inn í þessa ljóðadagskrá.<br><br>Tónleikarnir verða hluti af Sígildum sunnudögum, tónleikaröðinni fyrir klassíska tónlist í Hörpu. Norðurljósasalurinn hefur verið bókaður fyrir tónleikana.<br><br>Efnisskrá:<br><br>Robert Schumann: Spænskir ástarsöngvar op. 138<br>Myndir að austan op. 66<br><br>Hlé<br><br>Johannes Brahms: Ástarsöngva-valsar op. 52<br><br>Flytjendur: Kammerkvartettinn: Eggert Reginn Kjartansson, Jóna G. Kolbrúnardóttir, Kristín Sveinsdóttir og Unnsteinn Árnason, auk Paulinu Maslanka og Þóru Kristínar Gunnarsdóttur píanóleikara.<br><br>Þessi þrjú verk eiga það sameiginlegt að textarnir sem þau byggja á eru þjóðlög eða þjóðsögur úr ýmsum áttum. “Spænskir ástarsöngvar” Roberts Schumann eru nokkurs konar framhald á “Spænskum ljóðaleik” op 74. Schumann notast þar áfram við þýðingar Emanuel Geibel á spænskum þjóðlögum, | Fyrir verkefnið Ljóð, blóð, læti og blæti, ljóðatónleika sem upphaflega stóð til að halda í Hannesarholti. Þar sem Hannesarholt var lokað í júlí þegar til stóð að halda tónleikana gátum við flutt þá á Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhús.<br>Styrkupphæð var 100.000 og var varið sem hér segir:<br>Stilling á flygli: 28.000<br>Hafnarhús leiga: 31.856<br>Eftirstöðvarnar, 40.144 kr voru notaðar upp í launakostnað til móts við aðra styrki. Aðgangur að tónleikunum var ókeypis og aðsókn góð, í alla staði vel heppnaður viðburður. | Við viljum að tónleikarnir séu sem flestum aðgengilegir og bjóðum því afslátt af miðaverði til öryrkja, eldri borgara og nema. Aðgengi í Hörpu er gott fyrir fatlaða. Við flytjum fjölþjóðlega tónlist, sem byggir á þjóðlagatónlist og vekur athygli á jákvæðum áhrifum fjölmenningar. | 900.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2292/Fylgiskjal%201%20%C3%81starlj%C3%B3%C3%B0.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2292/Fj%C3%A1rhags%C3%A1%C3%A6tlun.pdf | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík Food & Fun Festival** | Main Course Ehf | Food & Fun er löngu komin í hóp helstu menningarviðburða borgarinnar og má segja að hátíðin hafi á sinn hátt spilað hlutverk í að gera Reykjavík að ferðamannaborginni sem hún er orðin.<br><br>Food and Fun er ein stærsta matarhátíð Norðurlandanna, og teljum við að það séu margvísleg tækifæri í boði með áframhaldandi samstarfi og samtímis efla og styrkja ímynd íslensks veitingabransa bæði innanlands og á erlendri grundu. | Reykjavíkurborg hefur í gegnum árin verið einn af aðalstyrktaraðilum Reykjavík Food & Fun Festival og hefur sá styrkur skipt sköpum þegar kemur að framkvæmd hátíðarinnar.<br><br>Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg styrkt hátíðina að upphæð 2.500.000 kr per skipti, og var hátíðin orðin ein af Borgarhátíðum Reykjavíkur 2019-2021. Sökum Covid-19 faraldursins þá færðist styrkurinn um 2 ár og þ.a.l. fengum við úthlutun fyrir árið 2021 greidda fyrir árið 2023 þar sem engin hátíð var 2021 og 2022. Þetta rót á styrkúthlutun gerði það að verkum að það gleymdist að sækja um Borgarhátíðastyrk á tilsettum tíma og því var okkur bent á að sækja um styrk úr miðborgarsjóði í staðinn.<br><br>Styrkurinn hefur farið í að greiða fyrir að flytja inn erlenda matreiðslumeistar, blaðafólk, og ýmsa mikilvæga aðila í veitingabransanum á heimsvísu. Einnig hefur styrkurinn verið nauðsynlegur til að gera skipuleggjendum kleift að ráða inn starfsfólk sem aðstoðar við hátíðina á fjölbreyttan hátt.<br><br>Með aðkomu Reykjavíkurborgar hefur hátíðin ávalt verið auglýst sem "Reykjavík Food & Fun Festival" í stað þess að vera einfaldlega "Food & Fun Festival", það er von okkar að við getum haldið þessu farsæla samstarfi áfram. | Af 8 starfsmönnum voru 3 karlmenn og 5 kvenmenn á aldursbilinu 26 - 70 ára. Ávallt hefur verið tryggt að allir starfsmenn fái jafn mikið greitt fyrir sömu störf.<br><br>Food & Fun hátíðin er haldin á fjölda mismunandi veitingahúsa um alla borg, og eru það einir fjölþjóðlegustu vinnustaðir sem finnast þó víða væri leitað. | 2000000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2295/Food%20%26%20Fun%20-%20Info.pdf | | |
| **KANNSKI** | Diljá Þorvaldsdóttir | Listamannarekið gallerí í miðbænum með áherslu á að sýna listamenn í minnihlutahópum. Galleríið er ekki rekið í hagnaðarskyni.<br><br>Í byrjun júlí 2022 opnaði Kannski á Lindargötu 66, í rými sem er tilheyrir Samfélagshúsinu Vitatorgi. Kannski bregst við þörf sem við sáum í íslensku menningarlífi, og félagsstarfinu á Vitatorgi. Sýningarnar okkar blanda saman íslenskum listamönnum við alþjóðlega listamenn í röð tveggja vikna samsýninga. Með því að para listamennina saman – geta þeir tengst hver öðrum og samtímis eykur það fjölbreytileika íslenskra myndlistarsenu. Við hvetjum fólk í minnihlutahópum eins og hinsegin fólk og fólk af erlendum uppruna til að sækja um. Við höfum séð vináttu og fagleg tengsl myndast milli listamannana sem sýna saman. Íbúar þjónustuíbúðanna mæta aftur og aftur þar sem þau hafa nú tækifæri á að sjá list, sem er í göngufæri. Við höfum orðið vitni að því að listamenn sem aldrei höfðu verið með sýningu áður, fá tækifæri hjá öðrum stærri list rýmum eftir að hafa sýnt verk sín í Kannski. Áhersla okkar er að sýna góð verk og einblína minna á stöðu listamannsins innan listasenunnar. Þetta gefur ungum listamönnum á uppleið tækifæri til að sýna hvað í þeim býr og koma sér á kortið. Í vetur verður ein tveggja vikna samsýningar á mánuði. Við erum bókaðar sýningar til og með ágúst 2023 og stefnum að opnu kalli fyrir framhaldið. Á heimasíðunni okkar höfum við yfirlit yfir fyrri sýningar, núverandi sýningu og væntanlegar sýningar.<br><br>Við veljum listamenn, sem taka fyrir viðfangsefni sem minna sjást í hefðbundnum íslenskum listrýmum. Flestir | Vitatorg<br><br>Í Samfélagshúsinu á Vitatorgi fer fram margvísleg og fjölbreytt starfsemi. Þar kemur fólk í hádegismat og sækir í félags- og tómstundastarf ásamt að sækja hina ýmsu þjónustu og viðburði. Einnig nýtir Rauði Krossinn sér nú húsnæðið eftir að starfsemi lýkur kl.16. Samfélagshúsið er opið öllum óháð aldri og búsetu.<br>Með því að hafa gallerí með mánaðarlegum opnununum kemur inn hópur af ungum spenntum listamönnum og gestum þeirra, sem blanda geði við íbúa og þá sem nýta sér Vitatorg. Að hafa rými þar sem ungt fólk sækir í til að sjá list – lífgar ekki aðeins upp á andrúmsloftið á svæðinu heldur gerir það einnig kleift fyrir fólk að skapa eftirminnileg augnablik og eiga áhugaverð samtöl milli ólíkra aldurshópa. Mikið af ungu fólki veit ekki að samfélagshúsið sé til og opið þeim til afnota t.d handavinnustofa.<br><br>Íslensk myndlistarsena<br><br>Íslenska myndlistarsenan er ekki stór. Listamönnum býðst sýningar ýmist með því að þekkja rétta fólkið eða hafa ákveðna stöðu innan senunnar. Þetta skapar ekki aðeins þá tilfinningu að sömu listamennirnir séu alltaf að sýna, heldur finnur ungt fólk fyrir því það sé erfitt að komast inn í senuna, kannski því þau hafa kannski ekki rétta menntun, eða hafa ekki myndað réttu tengslin.<br><br>Sem ungt listafólk (önnur íslenskur - hin bandarískt) þekkjum við þetta af eigin raun. Með því að notast við opið kall, valferli óháð stöðu og með því að leita til listamanna sem ekki hafa | Markmið<br><br>Markmið Kannski að auka við menningarlegan fjölbreytileika borgarinnar, gefa hæfileikaríkum listamönnum byr undir vængi og skapa stærri áhorfendahóp fyrir íslenska samtímalist. Við bætum við menningarlegan fjölbreytileika borgarinnar með því að sýna fjölbreytt verk listamanna frá öðrum löndum. Einnig sýnum við verk sem draga fram fjölbreytileika listamanna sem starfa á Íslandi.<br><br>Við veljum listamenn í umsóknarferli þar sem við veljum eingöngu á grundvelli verksins sem sótt er um með. Í framhaldinu hittum við listamennina í eigin persónu og/eða á netinu til að heyra meira um list þeirra og til þess að ganga úr skugga um að þeir falli að þeirri sýn sem við höfum fyrir rýmið. Þar sem við veljum listamenn fyrst og fremst eftir því hverjir sækja um hjá okkar, frekar en hverjum er mælt með við okkur, getum við sýnum fjölbreytt úrval listamanna. Við gefum fólki tækifæri sem hefur ekki sýnt áður, er enn að mennta sig eða kemur úr öðrum skapandi miðli sem vilja spreyta sig í íslenskri myndlistarsenu.<br><br>Sýningar okkar hafa mjög fjölbreyttan áhorfendahóp. Þar sem helmingur listamanna okkar er alþjóðlegur öðlast íslenskir listamenn alþjóðlega athygli. Vegna staðsetningar okkar og samstarfs við borgina, eru sýningar okkar kynntar meðal þeirra sem starfa á Vitatorgi og búa á Lindargötu 64-66. Á sýningar okkar og gjörninga kemur fólk sem hefur aldrei farið á samtímalistasýningu áður og það er ótrúlega skemmtilegt að fylgjast með viðbrögðum þeirra. Eldra fólk sem hefur komið á sýningarmar, hefur nefnt að það hafi ekki séð listasýningu í mörg mörg ár en áhuginn á listinni leynir sér ekki.<br>Það er okkur mjög mikilvægt að þetta rými sé aðgengilegt á allan hátt – fyrir listamenn, fyrir almenning, fyrir fólk með fötlun. Við tryggjum að allar sýningar okkar séu aðgengilegar fyrir hjólastóla og göngugrindur, rukkum ekkert fyrir sýningu í rýminu og borgum sjálf allan kostnað. Þrátt fyrir að borgin hafi lánað okkur rýmið, þá hækkar kostnaðurinn með kaupum á málningu, áhöldum, prentun á sýningarskrám, vefsíðu og öðrum rekstri. Við sáum fyrstu mánuðina af galleríinu sem tilraun. Okkur langaði að athuga hvort við gætum hrint hugmyndinni okkar í framkvæmd. Nú þegar við höfum komið þessu af stað, viljum við taka drauminn okkar, Kannski, skrefinu lengra.<br><br>Margir þeirra listamanna sem hafa leitað til okkar eru með hugmyndir að verkum, sem við höfum einfaldlega ekki tækifæri á að útfæra með þeim. Má þar nefna vídjóverk og hljóðverk sem dæmi, þar sem við höfum ekki aðgengi að skjám og hátölurum og öðrum tæknibúnaði. Okkur langar að breyta | 800.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2303/July%20show%202023.png | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2303/Show%202022.png | |
| **Eins og Tjara... Myndlistarsýning í Höggmyndagarðinum** | Megan Auður | Myndlistarsýning og uppákomur í Myndhöggvaragarðinum Nýlendugötu sem stendur Febrúar - Mars 2024.<br>Sýningin er af teikningum sem takast á við áföll, áfallastreituröskun og bata. Sería af teikningum sem þýddar eru á gler sem sýna hvernig hvort tveggja getur oft verið til staðar samtímis, áminning um að þessi vegur er ekki beinn.<br>Teikningarnar verða notaðar til að byggja vegg sem veita getur skjól fyrir samtöl og samkomur.<br>Teikningar eru byggðar á sögum af upplifun margra kvenna af kynferðisleguofbeldi og eftirköst þeirra.<br>Hugmyndin um vegginn byggir einnig á kenningum Leslie Kern og Arkitektúrstofunar White<br>Arkitekter um femíniskara borgarskipulag.*<br><br>* * "... the needs and wants of girls and most young women are almost completely ignored in architecture and planning. When communities advocate for 'spaces for youth' the kind of spaces they come up with are skateparks, football and basketball courts. In other<br>words, spaces that have boys in mind as users, and where girls have trouble finding access, acceptance, and safety. When Swedish architecture firm White Arkitekter actually approached teenage girls to design scale models of public space, the girls came up with 'places for sitting together face to face, protected from wind and weather, to see without necessarily being seen, a sense of intimacy without being constrictive, and most of all, to be able to leave an imprint on their city'."<br>-Feminist City, Leslie Kern (City of Friends).<br><br>Auk veggsins mun ég byggja ýmis húsgögn sem halda geta | | Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á upplifun margra sem upplifa kynferðislegt og kynbundið. Og mikilvægi áframhaldandi samtals um þennan raunveruleika.<br>Að minna þá einstaklinga á að allar leiðir eru mikilvægar og jafnvægar.<br>Að skapa rými fyrir samtöl og samkomur um þetta málefni.<br>Að skapa rými þar sem samkomur sem bæði leiða 'uppgjör' við fortíðina og rými til að ímynda sér útópíska framtíð á þessu sviði í gegnum, sögur, myndir og/eða skáldaða löggjöf. | 150.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2304/hoggmyndagardurinn_meganaudur.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2304/EinsogTjara-teikningar-daemi.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2304/MeganAu%C3%B0urPortfolio2023-min.pdf |
| **Mig vantar Orðin... Sýning í Gallery Kannski á verkum Megan Auðar.** | Megan Auður | Sýningin verður úrkoma list rannsóknar sem Megan hefur haldið úti í gegnum vinnustofur seinast liðið eitt og hálft ár, titluð Mig vantar orðin... .<br>Rannsóknin byggir á því að leita í sameiningu að nýjum orðum fyrir þolendur kynferðisofbeldis.<br>Orðum sem gætu mögulega verið meira valdeflandi eða haldið loforði um áframhaldandi bata. Meira en þau orð sem notuð eru í dag.<br>Sótt er um styrk fyrir kynningu á þessum orðum í sýningu í Gallery Kannski, þar sem þau verða formfest í gler og keramik sem myndbirting orðana á íslensku og íslensku táknmáli auk listarits sem gegna myndi hlutverk orðabókar fyrir fundin orð.<br>Auk þessa verka yrðu húsgögn hönnuð af listakonunni til sýnis sem munir sem mynda umgjörð fyrir kynningu og vinnustofu innan um tillögð orð.<br>Á sýningar tímabilinu yrðu tvær uppákomur. Kynning eða fyrirlestur um verkin, og vinnustofa opin gegn skráningu sem tækist á við áföll og bata, líkt og sýningin. | | Markmið verkefnisins eru að virkja sýningarrýmið sem stað til þess að læra á jafningjagrundvelli. Og vekja samræðu við þolendur ofbeldis, og samfélagið í víðara samhengi, um tungumálið sem við notum um slík áföll, og hvernig það mótar viðmót okkar við einstaklinga sem upplifað hafa slíkt, og þau kerfisbundnu samfélagsform sem að ýta undir kynferðislegt ofbeldi. | 200.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2305/Verk%26fj%C3%A1rhags%C3%A1%C3%A6tlun%20-%20Megan%20Au%C3%B0ur%2C%20s%C3%BDning%20%C3%AD%20Gallery%20Kannski.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2305/Megan%20letter%20of%20confirmation%20Kannski.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2305/MeganAu%C3%B0urPortfolio2023-min.pdf |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Wasteland Ísland** | Lendager Island | Wasteland Ísland er sýning og lifandi samræðuvettvangur um byggingariðnað framtíðarinnar. Þar sem markmiðið er að færa íslenskan byggingariðnað í átt til aukinnar sjálfbærni og hringrásar. Sýningin opnar í Norrænahúsinu í febrúar 2024 en mun ná hápunkti á HönnunarMars. Verkefnið er samstarf arkítekta og nýsköpunarstofunnar Lendager á Íslandi og í Kaupmannahöfn. Við vonumst til að Norrænahúsið verði yfir sýningartímann suðupottur fyrir alla þá sem vilja leggja sitt á vogarskálarnar við að gera byggingariðnaðinn grænni hér á landi. Sýnd verða vel heppnuð erlend verkefni þar sem byggingarefni eru endurnýtt auk þess sem þróuð verða ný nýsköpunarverkefni með hráefnum sem falla til hér á landi og standast kröfur um íslenskar byggingar. | | Við val á fyrirlesurum og þátttakendum í sýningarviðburðum verður leitast eftir fremsta megni við að hafa jafna þáttöku og áhrif kvenna, karla og fólks af öðrum kynjum eða sem hefur ekki skilgreint kyn sitt. Sýningin verður í Norrænahúsinu þar sem er greitt aðgengi fyrir fatlaða eða hreyfihamlaða að öllum rýmum, lyfta er í húsinu. Reynt verður að draga að borðinu fólk á ólíku aldursbili til þess að hægt sé að dýpka umræðurnar og næra. Um er að ræða samstarf milli landa og því verður efni sýningarinnar bæði á dönsku, íslensku og ensku og því aðgengilegt flestum gestum sýningarinnar óháð uppruna. Viðfangsefni sýningarinnar snertir alla en unnið verður með nemendum Háskólanna, aðilum úr atvinnulífinu auk þess sem reynt verður að draga mismunandi hagaðila og almenna borgara að borðinu. | 2000000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2321/Kostna%C3%B0ar%C3%A1%C3%A6tlun%2C%20verk%C3%A1%C3%A6tlun%20og%20stutt%20l%C3%BDsing%20%C3%A1%20verkefni.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2321/Wasteland_Iceland_Kynning.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2321/S%C3%BDning%20Lendager%20%C3%AD%20Kaupmannah%C3%B6fn.pdf |
| **Stúdíó Gestagangur** | Hrafnhildur | Stúdíó Gestagangur er samstarf sjö kvenna úr ólíkum áttum sem sameinast í textíl. Í Stúdíói Gestagangi viljum við bæta aðgengi textílvinnslu- og listafólks að tækjabúnaði til listsköpunar, hönnunar og vinnslu með textíl. | | | 2.000.000 ( í formi húsnæðis) | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2328/Reykajvi%CC%81kurborg%20styrkur.studiogestagangur.pdf | | |
| **Hljóðver í Laugarneskirkju: Sköpun og samkennd í fyrirrúmi** | Laugarneskirkja | Verkefnið snýst um að búa til hljóðritunarherbergi í Laugarnseskirkjunni, sem verður öruggur og skapandi staður til að ræða allt milli himins og jarðar, menningarþætti, tónlist, listir og menntun. Ungmenn í æskulýðsstarfi eru að taka þátt í uppsetningu og rekstri verkefnisins, og fjármagna verkefnið. Nú þegar hafa ungmenni undir leiðsögn hafið fjáröflun, og hafa aðrir stuðningsaðilar, eins og Reykjavíkurborg sýnt mikin áhuga. Mögulega verður verður verkefnið partur af samfélagsverkefninu "Dalurinn" eða "allir í sama liði" Fjármagnið verður notað í kaup á tækjum, hljóðeinangrun og búnaði fyrir reksturinn. Þeir sem vilja hjálpa geta styrkt verkefnið fjárhagslega, borið upp á þekkingu eða reynslu sína, boðið upp á tækjabúnað eða verið sjálfboðaliðar. Markmiðið er að efla samheld og sköpun í Laugarneshverfið. Áætlað er að uppsetning og fyrsta ár hljóðversins kosti um 1.000.000 - 1.500.000 en Laugarneskirkja sér um að kosta laun verkefnastjóra. ef allt gengur eftir er markmiðið að hljóðverið verði opið almenning í byrjun mars. | Innleiðing<br>Laugarneskirkja í Reykjavík er staðurinn þar sem fólk safnast saman í trúarlegum tilefnum, en hún er einnig uppspretta samkenndar, menningar, tónlistar og sköpunar. Markmiðið með þessu verkefni er að útbúa hljóðver í kirkjunni sem verður ekki bara staður fyrir hljóðritun, heldur öruggur og skapandi staður þar sem öll, óháð trú, kyni, kynþætti eða öðrum ákveðingum, eru velkomn til að koma saman og ræða allt milli himins og jarðar, menningarþætti, tónlist, listir og menntun. Verkefnið er komið fram vegna innsetningar og vilja ungmenna sem vilja hafa jákvæða áhrif á samfélagið sitt. Hér á eftir lýsum við verkefninu nánar og fjölbreytileika þess, fjármagnsöflun, samstarfi og framgangsáætlun.<br><br>Verkefnið<br>Hljóðver í Laugarneskirkju er hugmynd sem byggir á þörfum og áhuga samfélagsins. Áætlað er að hljóðverið verði staður þar sem fólk frá ýmsum bakgrunnum og með ólíka hagsmuni mætist, deilir hugmyndum og skapandi efni. Hljóðritunin er aðalatriði verkefnisins, en þar verða einnig hýstir tónleika- og menningarviðburðir, ráðstefnur, lestrarhópar og fleira. Saman komum við til með að sjá flæði og þátttöku sem gerir herbergið að fjölbreyttun og lifandi stað. Þættir og efni verða hýst og gefið út á sameiginlegum svæði á netinu, þar sem öll hafa opin aðgang.<br><br>Þátttakendur<br>Hverjir standa að verkefninu? Þetta verkefni er verkefni ungmenna og samfélagsins. Það byggir á hugmyndum og áhuga ungmenna sem vilja vera þátttakendur í uppsetningu og rekstri herbergisins. Þetta verkefni eru frábært dæmi um | Jafnrétti, samkennd og mannúð er okkar hjartansmál. Með því að skapa öruggan og opinn staður þar sem öll eru velkomnir, óháð trú, kyni, kynþætti eða öðrum stuðlum við að því. Við leggjum áherslu á samkennd, fjölbreytileika og þátttöku sem gagnast samfélaginu með því að stuðla að jafnrétti og mannúð. Hljóðritunarherbergið býður upp á tækifæri til að ræða alls kyns umræður, menningarþætti, tónlist, listir og menntun í vettvangi sem kallar á samstarf og samkennd. Þetta verkefni er skref í rétt átt til að stuðla við forvarnir og framkvæmd mannréttindastefnu í samfélaginu. | 500000 | | | |
| **CODAPENT - Sviðslistaþerapía** | Hrefna Lind Lárusdóttir | Sótt er um styrk fyrir verkefnið Codapent performans þerapía sem verður sýnt í Ásmundasal 2024. Verkefnið tekur utanum myndlist, hönnum, sviðlistir, tónlist, þar sem almenningi er boðið uppá upplifun sem er bæði pólitísk, fræðandi og hreyfir við tilfinningum. Verkefnið er sölusýning á nýrri lyfleysu á markaðinum, Codapent sem læknar fólk af meðvirkni (Codependency). Verkið/Upplifunin/ferðalagið samanstendur af sérhönnuðum pilluglösum með lyfleysu í, Stórum pillulaga skúlptúrum, Videólistaverkum og frumsömdum textum og lögum. Flutt af listamönnum sýningarinnar og kvenna og kvár kór. | Ég fékk styrk fyrir að setja upp Mannyrkjustöð Reykjavíkur ásamt Búa Bjarmari Aðalsteinnsyni undir Forvitnissakir ehf. Marnnyrkjustöð Reykjavíkur var partur af Torgi í Biðstöðu árið 2020 og fengum við upphæð 1.400.000: Verkefnið var framleitt og stendur enn í Hljómskálagarðinum, Mannyrkjan óx og voru margir viðburðir sýndir í tenglsum við hana á sviðslistahátíðum, Hönnunarmars, og í listasöfnum. | Verkefnið Codapent er með það jafnréttismarkmið að varpa ljósi á halla kvenkyns og kvár, hvað kvenlegar hliðar, mýkt, umhyggja og ábyrgð á því ósýnilega (þriðju vaktinni) eiga það til að vera til lítils metin í samfélaginu. Bæði karlar og konur eru með kvenlegar hliðar, kvenlega orku en þær hliðar eru ekki viðurkenndar í okkar samfélagi. Þegar við erum ekki viðurkennd af verðleikum, fáum að vera við sjálf og tilheyra þá verðum við lasin af meðvirkni. Verkefnið er ætlað til að takast á við þá þögn, tilfinningar og skömm sem fylgja einkennum meðvirknarinnar, og koma með tilllögur að bataferli fyrir almenning, hvort sem um er að ræða, konur, kvár, kynsegin, stálp | 1000000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2332/Kosna%C3%B0ar%C3%A1%C3%A6tlun%20-%20CODAPENT%20-%20Google%20Sheets.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2332/bo%C3%B0sbr%C3%A9f24_codapent.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2332/CODAPENT%20-%20Reykjav%C3%ADk.pdf |
| **Afrískir Laugardagar í miðborg Reykjavíkur** | Afrika Lole - Cheick T Bangoura | Afríka Lole / Cheick Bangoura hafa staðið fyrir afrískri lista- og menningarhátíð í að verða 15 ár.<br>Í fyrra var ákveðið að hita upp fyrir Far Fest Afríka Reykjavík með ,,Afrískum Laugardögum", þar sem Cheick og FAR Fest Afríka Reykjavík bjóða upp á skemmtilega viðburði í miðborginni einn laugardag í mánuði frá Maí og að Menningarnótt, sem eru 4 afrískir laugardagar.<br>Þar er boðið upp á ýmsa viðburði, t.d. trommuhring fyrir gesti og gangandi á Austurvelli/Laugarvegi, matarmarkaður, markaður með afrískt handverk, ördanssýningu og -námskeið þar sem gestir og gangandi fá að vera með, boðið upp á afríska ljóðlist, boðið upp á afríska ljósmyndasýningu o.m.fl. Á Menningarnótt stendur Cheick og Afrika Lole fyrir afrískum tónleikum, þar sem einnig er einskonar samantekt á ,,Afrískum Laugardögum", ýmist boðið upp á trommuslátt, dansnámskeið, afrískan mat, afrískt handverk á markaði, afrísk ljóð o.s.frv. og sem þá gefur tóninn fyrir FAR Fest Afríka Reykjavík sem haldin er í sept/okt. | FAR Fest AFríka Reykjavík 2023 hlaut styrk að upphæð 400.000 kr, sem var nýtt til námskeiðshalds í grunnskólum borgarinnar og hátíðartónleika FAR Fest Afríka 2023. | Starfsemi FAR Fest Afríka og Afrika Lole styður að öllu leyti við jafnréttismarkmið og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg sem stjórnvald leggur áherslu á jafnræði, mannréttindi og samvinnu við íbúa. Reykjavíkurborg leitast við að hafa íbúa með í ráðum og hvetja þá til þátttöku í málefnum sem koma þeim við og skapa þeim tækifæri til að hafa áhrif og vill vera fyrirmynd hvað varðar mannréttindi og jafnræði. Í fjölbreyttu samfélagi á að vera tryggt að allir hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í þeim á sínum forsendum. Reykjavíkurborg tekur mið af ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi með börnum og hér er mikilvægt að íslensk börn af afrískum uppruna fái að taka virkan þátt í samfélaginu á sínum forsendum og kynna sína menningu fyrir félögum sínum. Framlag FAR og Cheick Bangoura styður við allan 9. kafla Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar: ,,Allir íbúar Reykjavíkurborgar eiga rétt á virkri þátttöku og sanngjarnri og réttlátri meðferð óháð uppruna. Leita skal eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila og fagaðila við stefnumótun og ákvarðana-töku. Reykjavíkurborg á að stuðla að aukinni þátttöku fólks af erlendum uppruna í málefnum borgarinnar og í stjórnum, ráðum og nefndum." Í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar er einnig talað um að til þess að þjóna fjölmenningu, þarf Reykjavíkurborg að hafa fólk af ólíkum uppruna í röðum starfsfólks. Reykjavíkurborg á að leggja áherslu á að fjölga starfsfólki úr hópi innflytjenda í störfum og á vinnustöðum borgarinnar. Einnig er lögð áhersla á að bannað er að mismuna íbúum Reykjavíkurborgar vegna uppruna, litar-háttar eða þjóðernis.<br>Allir eiga rétt á sams konar viðmóti og fram-komu, óháð uppruna eða þjóðerni. | 460.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2333/Afr%C3%ADskir%20Laugardagar%2C%20FAR%20Fest%20Afr%C3%ADka%20Reykjav%C3%ADk.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2333/Afr%C3%ADskir%20Laugardagar%2C%20Kostna%C3%B0ar%C3%A1%C3%A6tlun%2C%20FAR%20Fest%20Afr%C3%ADka%20Reykjav%C3%ADk.pdf | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hringrásarsafnið - Second location in 101** | Reykjavik Tool Library EHF | We would like to apply for the fund to build a second location for the Hringrásarsafnið downtown Reykjavik.<br><br>We have successfully funded the previous location at Borgabokasafn across town, but the location in 101 is the most used location from the project. We have now many members and mostly based in 101 Reykjavik. Since we are closing the main Munasafn RVK Location as our Hringrásarsafnið has grown and surpassed the numbers of the Munasafn, it is important to offer more items as local as possible, and funding a second location for the project in 101 would be ideal. We have spoken to a few potential partners (Swimming pool - since they are now under the same department as the libraries, stores around town who would be happy to host the location as well as Matholl in Hlemmur which could potentially be a place for the system).<br><br>The aim of this application is two fold:<br>1) Fund the build up of a location in 101 (hardware build up and items supplied in the system for borrowing)<br>2) provide further 500 free memberships for library card holders.<br><br>We have created a throurough research which showed us what Items members from 101 would like to borrow, and with that information we created a partnership with SORPA and Goði Hirin who will provide us with any items we require for the systems.<br><br>We would like to open this new location before Summer 2024. | We received Miðborg for the Hringrásarsafnið – Pilot Project. This was a very successful project, we gave free memberships to libraries cardholders and increased our membership numbers five fold. 36 items were borrowed 420 times in the time since the project and we now have a membership retention rate for 50%. This has a reduction of 2 tones of CO2 emisisons created from borrowing vs buying. From the members that joined, 21% bought new library cards to receive the free membership. This result was so impactful for us that we are now closing the Munasafn main location for the public to aim to expand the Hringrásarsafnið project across town. We hope we will be able to open more location and provide more free access to the project. | Hringrásarsafnið, our self-checkout library of things project, aligns with Reykjavík City's Human Rights Policy in the following ways:<br><br>Sustainability: Hringrásarsafnið actively promotes sustainability by providing a platform for community members to borrow items they need rather than buying and owning them. This reduces waste and supports Reykjavík City's commitment to environmental responsibility.<br><br>Affordability: We contribute to the affordability of living in Reykjavík by eliminating the need for residents to purchase expensive items that they may only use infrequently. This aligns with the city's goal of ensuring access to essential resources for all, regardless of income.<br><br>Equal Access: Hringrásarsafnið ensures equal access to a wide range of items, from tools to recreational equipment, for all members of the community. We do not discriminate based on any characteristic, creating an inclusive environment where everyone can benefit.<br><br>Non-Discrimination: Our project adheres to a strict non-discrimination policy. We do not tolerate discrimination or harassment on any grounds, providing a safe and respectful space for all users.<br><br>Transparency: We are committed to transparency in our operations. Users have access to information about the items available, their conditions, and borrowing procedures, ensuring they are well-informed.<br><br>Data Protection: Hringrásarsafnið prioritizes data protection and privacy, adhering to the highest standards of data protection laws to safeguard individuals' privacy and rights.<br><br>In summary, Hringrásarsafnið aligns with Reykjavík City's Human Rights Policy by promoting sustainability, affordability, equal access, non-discrimination, transparency, and data protection. Our project contributes to a more inclusive and sustainable community by providing a resource-sharing platform that supports the values of accessibility and environmental responsibility in Reykjavík. | 3500000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2334/Survey%20Results%20%20%281%29.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2334/vested_Munasafn%20RVK%20Tool%20Library_report_2023-06-07T13_42_30.749Z.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2334/Munasafn%20RVK%20Tool%20Library%20-%20Presentation%203%20min%20-%20City%20Solution.pdf |
| **Performance at Reykjavik Art Festival 2024** | Michael Richardt | As part of my performance for Reykjavik Arts Festival 2024, I will need four live musicians, which will be playing new music. I apply for 500000 ISK, equivalent to 30 hours rehearsal salary, divided into four horn and flute musicians. I am applying elsewhere for their performance salary. This application is solely to pay these four musicians for rehearsels leading up to the performance. | I have applied The Danish Arts Foundation, The Icelandic Recording Fund and I will be applying to additional funds. I will attach Letter of Intent from Reykjavik Arts Festival. I received funding from the Icelandic Visual Arts Fond and the Danish Arts Foundation in 2022, for my exhibition at the Reykjanes Art Museum. | I am Danish/Nigerien, my work is matriarchal and puts the long tradition of storytelling in Iceland at its core. I seek to create work that is both relevant to all ages and inclusive to all societal groups. | 500000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2335/2023_10_10_Michael%20Richardt%20og%20Diana%20Burkot_%20Viljayfirly%CC%81sing%20fra%CC%81%20Listaha%CC%81ti%CC%81%C3%B0%20i%20Reykjavi%CC%81k.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2335/Popera%20Project%20Description.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2335/CV%20Michael%20Richardt%20and%20Diana%20Burkot.pdf |
| **Vefútvarpið DRIF í turninum á Lækjartorgi** | Atli James Justinsson Rebbeck | DRIF er "vef-útvarpsstöð" sem er búin að vera starfandi seinustu mánuði í Hljómturninum (gamli Söluturninn) á Lækjartorgi. Streymin eru tekin upp alla föstudaga og laugardaga og hægt er að hlusta í beinni útsendingu eða á upptöku seinna í gegnum YouTube síðu DRIF. Útvarpsstöðin inniheldur DJ sett frá mismunandi tónlistarmönnum og plötusnúðum. Tilgangur DRIF er að auka sýnileika íslenskrar raftónlistarmenningar, bæði innanlands og erlendis.<br><br>Í turninum fara einnig fram annarsskonar viðburðir á virkum dögum eins og myndlistarsýningar, hljóðlistarsýningar og tónleikar. Þar er einnig til sölu vínyl plötur frá íslenskum raftónlistar útgáfum, allur ágróði fer til tónlistarmannana en eigin vínylútgáfa er í vændum. Á meðan útsending er í gangi er öllum velkomið í turninn að hlusta og boðið er upp á ókeypis kaffi. Um þessar mundir er DRIF í samstarfi við PostPrent. Prent frá sjö ungum íslenskum listamönnum hafa verið sett upp á ytri veggi turnsins og verður þeim skipt reglulega út fyrir ný verk frá fleiri listamönnum.<br><br>DRIF er eina starfandi vef útvarpsstöð sinnar tegundar á Íslandi en sjá má álíka starfsemi í mörgum stórborgum erlendis, m.a. HÖR í Berlín, Noods Radio í Bristol og Kiosk Radio í Brussel.<br><br>Til þess að halda starfseminni gangandi til lengri tíma þarf styrk fyrir útgjöldum verkefnisins. Styrkurinn myndi hjálpa að bæta aðstöðuna t.d. Með því að geta leigt og keypt græjur, sett upp vefsíðu, laun fyrir yfirsetu og skipulag, keypt auglýsingar og að það sé hægt að halda stærri og betri viðburði, meðal annars með live tónleikum með hljómsveitum. | | Markmiðið í allri starfsemi í turninum er að sem flestir hópar séu sýnilegir og að allir fái jafnt tækifæri til að framfleyta sér í sinni list.<br><br>Til dæmis er mánaðarlegur útvarpsþáttur á DRIF sem heitir “SLEIKUR”, þar sem queer, lgbtq+ raftónlistarfólk og plötusnúðar fá vettvang. Þátturinn er framlenging af hinsegin danstónlistarviðburðum sem eru haldin á nokkra mánaðar fresti á mismunandi skemmtistöðum.<br><br>Ásamt því að fá íslenskt tónlistarfólk þá hafa erlendir plötusnúðar líka verið spila og verða til tengingar í gegnum það. Mikilvægt er að taka fram að þegar er talað um íslenskt fólk í þessari umsókn þá er verið að tala um alla sem búa á Íslandi ótengt uppruna.<br><br>Hingað til hefur jafnt kynjahlutfall verið mjög mikilvægt og þannig skal það halda áfram. | 800000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2342/Kostna%C3%B0ar%C3%A1%C3%A6tlun_DRIF.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2342/DRIF_myndir.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2342/Um_a%C3%B0standanda_verkefnisins.pdf |
| **Barokkveisla nýja ársins 2024** | Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir | Þau Sólveig Steinþórsdóttir, Ísak Ríkharðsson, Herdís Mjöll Guðmundsdóttir, Ásta Kristín Pjetursdóttir, Hjörtur Páll Eggertsson og Halldór Bjarki Arnarson komu fram í fyrsta sinn sem tónlistarhópur með barokktónlist í forgrunni á tónleikunum Barokkveisla nýja ársins sem fóru fram 2. janúar 2023. Þar voru leiknir einleikskonsertar og concerto grosso eftir Corelli, Vivaldi, Scarlatti, Leclair, sem og nýsaminn (og að hluta til spunninn) “barokk”-konsert eftir Halldór Bjarka, semballeikara hópsins. Komu meðlimir sveitarinnar fram ýmist í einleiks- eða meðleikshlutverki. Barokksveit þessi er því nýstofnuð sveit ungra tónlistarmanna sem hefur það að markmiði að kynna barokktónlist af öllum toga fyrir áheyrendum, og þá einkum konsertformið. Tónleikarnir 2. janúar voru mjög vel sóttir og fór aðsókn fram úr væntingum. Efnisskráin höfðaði mjög vel til áheyrenda þar sem hún þótti mjög aðgengileg og hátíðleg en jafnframt full af sjaldheyrðum verkum í fjölbreyttum túlkunum enda ólíkir einstaklingar í einleikshlutverki. Haft var á orði að Dómkirkjan hafi passað mjög vel fyrir þessa tónleika og það var einstaklega góð stemning í salnum. Vegna frábærra undirtekta og fjölda fyrirspurna um hvort tónleikarnir verði ekki örugglega endurteknir næstu áramót höfum við ákveðið að endurtaka leikinn og stefnum á að Barokkveislan verði árlegur viðburður. Markmið sveitarinnar er annars vegar að kynna áheyrendum fyrir frábærum verkum frá barokktímanum, bæði þekktum verkum og verkum sem sjaldan eru flutt en þó aðgengileg öllum hlustendum og hins vegar að gefa hvort öðru tækifæri til að flytja einleikskonserta að eigin vali. Með svo lítinn hóp flytjenda skapast tækifæri til þess að nálgast tónlistina eins og kammermúsík, en verkavalið krefst þess einnig að einleikarinn fái að njóta sín og leiði hópinn. Í hverjum konsert tekur nýr | | Þessir tónleikar eru opinn viðburður í miðborg Reykjavíkur og er fyrir alla þá sem hafa áhuga á að mæta. Það er mikilvægt fyrir okkur að fá að miðla tónlistinni til sem fjölbreytts áheyrendahóps og munum við auglýsa tónleikana vel á ýmsum miðlum, á netmiðlum sem og fjölmiðlum og í veitingastöðum og öðrum skemmti- og ferðamannastöðum í miðborginni, til að ná til sem flestra. Einnig munum við stilla miðaverði í hóf auk þess að hafa ódýrari miða fyrir námsmenn, eldri borgara og öryrkja. Við stefnum að því flytja hluta af dagskránni á ýmsum stofnunum í Reykjavík, meðal annars á Grund, Landspítalanum, og Seltjörn. Þetta er til þess gert að gefa þeim sem ekki hafa færi á að koma á tónleika tækifæri til að hlýða á og njóta lifandi tónlistarflutnings og verða þessir örtónleikar opnir öllum og ókeypis. Tónlistin er sameiginlegt tungumál allra og því er þetta viðburður sem allir ættu að geta notið óháð bakgrunni. Dómkirkjan var sérstaklega valin sem tónleikastaður þar sem hún er ekki einungis hátíðleg og staðsett miðsvæðis, en þar er einnig gott aðgengi fyrir hjólastóla í gegnum inngang skrúðhússins. Við teljum það jöfn réttindi allra að hafa aðgang að fyrsta flokks menningarviðburðum og verður því allt gert til þess að leyfa sem flestum að njóta tónlistarflutningsins. | 395000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2338/Barokkveisla%202024%20Fj%C3%A1rhags%C3%A1%C3%A6tlun.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2338/Barokkveisla%202024%20Listr%C3%A6nir%20stj%C3%B3rnendur.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2338/Efnisskr%C3%A1%20Barokkveisla%202023.pdf |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Höggmyndagarðurinn í Reykjavík** | Myndhöggvarafélagið í Reykjavík | Höggmyndagarðurinn er einstakt sýningarrými félagsmanna Myndhöggvarafélags Reykjavíkur í hjarta miðbæjarins. Síðastliðið ár hafa verið haldnar 10 sýningar einkasýningar og samsýningar þar sem skúlptúr formið hefur verið yfirráðandi. Umsókn okkar í Miðborgarsjóð Reykjavíkur byggir á því að halda þessu mikilvæga starfi áfram en garðurinn hlaut styrk síðastliðið ár. Sýningarárið 2024 verður því þeim mun öflugari með stórum einkasýningum og veigmiklum útilistaverkum. Höggmyndagarðurinn í Reykjavík er falin perla í hjarta miðbæjarins. Sýningarrýmið er einstakt og skapar staðurinn dýpri tengsl borgarbúa og ferðafólk og eykur við borgarlífið. En einróma höfum við oftar enn ekki heyrt að Höggmyndagarðurinn vekur mikla lukku með borgarbúum og ferðamönnum sem heimsækja staðinn. Öflug sýningarröð 12 listamanna hefst árið 2024. Styrkur frá Miðborgarsjóði Reykjavíkur myndi fari í almennt utanumhald og gerð sýninganna, en afar vandaðar og veglegar sýningar hafa verið í garðinum.<br><br>Garðurinn er hluti af Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík en félagið hefur starfrækt vinnustofur og verkstæði fyrir myndlistarmenn á Nýlendugötu 15 síðan 1993. Verkstæðin eru ætluð til smíðar á stórum listaverkum félagsmanna en það hafa verið mestmegnis útilistaverka. Þar er málmsmíðaverkstæði, eldverkstæði, timburverkstæði og keramikofn. Þó svo að garðurinn sé hluti af félaginu verður hann sérstaklega að sækja um styrki fyrir hvers kyns starfsemi þar. Miðbæjarsjóður myndi aðstoða okkur með eindæmum að koma á fót vandvirku og stóru sýningarverkefni fyrir alla unnendur myndlistar og stuðla að litríku menningar og | Höggmyndagarðurinn fékk Miðbæjarstyrk fyrri hluta árs 2023. Styrkurinn fór í efniskostnað og gerð nýrra verka, prent á sýningarbæklingi og plaköt en yfir árið hafa verið um 10 stórar sýningar. Einnig var styrkurinn nýttur í sýningarrýmið en tyrfa þurfti garðinn og málning á milli sýninga. Styrkurinn var 1.000.000 ISK kr. | Í félaginu eru á þriðja hundrað listamenn á öllum aldri, öllum kynjum og mörgum þjóðernum. Þess er ávallt gætt vandlega við skipun stjórnar og nefnda að kynjahlutfall sé jafnt. Allir félagsmenn hafa jafnan rétt til afnota af húsnæði félagsins og allir hafa jafnan rétt til stjórnarsetu og annara trúnaðarstarfa fyrir félagið. Engum er mismunað vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, trúarbragða, aldurs ,fötlunar eða þjóðernis. | 3.000.000 ISK KR | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2341/Hoggmyndagar%C3%B0urinn%202024%20Mi%C3%B0borgarsjodur.pdf | | |
| **Rætur - Roots - Korzenie - Radices - جذور** | | Rætur er námskeið fyrir börn/unglinga þar sem farið er í leiki í kringum landnám og sögu. Íslendingasögurnar eru notaðar sem grunnur og útfrá því er sniðið að hverjum hóp - hvaðan koma þátttakendur, hver er þeirra saga, hvernig nemum við land í Viðey eða getum við flutt út í Surtsey?<br>Markmiðið er að setja upp nokkra hópa sem vinna sér og saman - þar sem unnið er að sameginlegri menningu ásamt því að kynnast menningu, tungu, hugsun og sögu annarra - samborgara | | Verkefnið miðar að því að ná til og bjóða öllum börnum þátttöku, óháð efnahag, tungumáli, kyni, kynþætti eða búsetuhverfi og hverju öðru sem getur verið fyrirstaða barns (eða forsjáraðila) til að taka þátt í almennum tómstundum og námskeiðshaldi.<br>Aðalinntak verkefnisins er inngilding (inclusion) og með því að kynnast sögu og rótum okkar sem annarra eykst skilningur og vonandi væntumþykja. | 5000000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2348/Forsagan%20WHY.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2348/R%C3%A6tur.Sagan_.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2348/Greinarger%C3%B0.pdf |
| **Vegglistaverk í undirgöngin við Grettisgötu 73** | Þorsteinn Eyfjörð Þórarinsson | Frá því að ég flutti á Grettisgötu 73 í íbúð sem tengdaforeldrar mínir eiga fyrir þremur árum hefur alltaf verið mikið krotað í undirgöngin sem liggja inn á gamla stjörnuportið. Það breyttist þegar við fengum frægan veggverkjamálara frá bretlandi til þess að gera veggverk í undirgöngin, þá eins og von er og vísa hætti krotið þegar komið var fallegt verk til staðar. en því miður var skilið eftir rusl í göngunum og kveikt í því svo mála þurfti allt upp á nýtt eftir viðeigandi viðgerðir. Nú langar okkur í húsinu til þess að bjóða listamanni sem lengi hefur unnið í Reykjavík við vegglistaverk og gengur undir nafninu andartak til þess að gera verk á veggi portsins og lífga upp á útlit þessa fína ports, og í leiðinni heiðra sögu stjörnuportsins og þess lífs sem hefur átt sér stað þarna í bænum í gegnum áratugina. | | Þar sem verkefnið er boð til listamanns þá samræmist verkefnið kannski aðallega mannréttindastefnuna á þá leið að allir geta notið listaverksins sem kemur út úr þessu verkefni :) | 400000 | | | |
| **Götubitahátíð í Hljómskálagarðinum - 19-21 júlí 2024** | Götubiti ehf | Götubitahátíðin í Hljómskálagarðinum er fjölskyldu og matarhátíð þar sem áhersla er lögð á götubita (e.streetfood). Á hátíðinni er að finna yfir 30 söluaðila og matur frá hinum ýmsu heimshornum, ásamt leiktækjum og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Hátíðin verður haldin helgina 19-21 júlí<br><br>Götubitinn óskar eftir samstarfi og styrk úr Miðborgarsjóði til þess að að setja á laggarinar stærsta matarviðburð á Íslandi sem er jafnframt þriðji stærsti viðburðir sem haldin er hér á landi (fyrir utan Menningarnótt og Hinsegin dagar)<br>Götubitahátíðin er fjölskyldu og matarhátíð. Á hátíðinni er að finna fjölbreytt úrval af mat sem seldur er í matarvögnum, sölutjöldum, gámum og öðrum sölubásum. Einnig er boðið uppá ýmiskonar skemmtanir fyrir alla fjölskylduna, t.a.m,. hoppukastalar, leiktæki og tónlistaratriði. Götubithátíðin hefur skipað sér í sessi sem einn fjölmennasti viðburðurinn á Íslandi. Á síðasta ári komu yfir 50.000 gestir og yfir 30 söluaðilar tóku þátt í viðburðinum í Hljómskálgarðinum. Hátíðin var fyrst haldin á Miðbakknum 2019 og sóttu þá um 20.000 gestir hátíðina, þannig hún hefur farið vaxandi frá stofnun. Hátíðin hefur aldrei verið eins fjölbreytt og í ár þar sem gestir gátu gætt sér mat frá hinum ýmsum heimshornum eins og Mexikó, Indlandi, Ástralíu, Nepal, Póllandi, Kóreu, Kína, Ítalíu, Kólimbíu, Spáni, Bandaríkjunum, Tyrklandi, Íslandi, Belgíu. Samhliða hátíðinni þá er haldin keppnin um besta íslenska götubitan í samstarfi við evrópsku götubita verðlaunin, þar sem fjölmargir íslenskir söluaðilar keppa í hinum ýmsu flokkum um „Besti Götubiti Íslands“.<br><br>Þar sem við viljum að viðuburðin sé opin öllum og frítt er inná viðburðinn þá verðum við að fá með okkur í lið sterka og góða | 2020: Styrkur frá: Borgarsjóður – Götubitahátíð á Miðbakkanum Upphæð: 3.000.000 Nýting fjármuna fór í uppsetningu á verkefninu.<br>2021: Styrkur frá: Borgarsjóður – Götubitahátíð Upphæð: 2.000.000 Nýting fjármuna fór í uppsetningu á verkefninu.<br>2022: Styrkur frá: Borgarsjóður – Götubitahátíð og Fjöskylduhátíð í Hljómskálagarðinum Upphæð: 1.000.000 Nýting fjármuna fór í uppsetningu á verkefninu. | Götubitahátíðin er fyrir alla og hvetjum við sem flesta að taka þátt enda viljum við skapa skemmtilega og fjölbreytta stemningu Götubitinn miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. | 3.500.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2346/Go%CC%88tubitaha%CC%81ti%CC%81%C3%B0%202024%20-%20Overview.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2346/Hlekkir%20fyrir%20myndbo%CC%88nd%20og%20kynningu.pdf | |
| **Myndlistarsýning í Ráðhúsinu: Í Reykjavíkurborg** | Litka myndlistarfélag | Félagið samanstendur af áhugamálurum að mestu leiti sem hafa ekki formlega háskólamenntun frá t.d. Listaháskólanum, heldur hafa byggt upp þekkingu með námskeiðum, æfingu og reynslu, en þetta þýðir að við í félaginu höfum ekki aðgang að opinberum sýningarrýmum eða galleríum. Félagið hefur samt verið duglegt að sýna í gegnum þau 15 ár sem það hefur verið starfrækt, m.a. héldum við í nokkur ár sýningu í Tjarnarsalnum. Nú er salurinn orðin það dýr að við ákváðum að sækja um styrk í formi þess að fá salinn lánaðan í ca. 10 daga á næsta ári (2024)og halda þar samsýningu. | | Með því að fá Tjarnarsalinn lánaðan fá félagsmenn tækifæri til að sýna myndir sínar í rými á vegum Reykjavíkurborgar, sem kemst næst því að fá aðgang að söfnum/sýningarsölum sem borgin rekur en við höfum ekki aðgang að. Það hafa ekki allir haft tækifæri til að mennta sig í list sinni, og við það eru þessi stóri hópur útilokaður frá stöðum eins og Listasafni Reykjavíkur, Korpúlfsstöðum, Kjarvalsstöðum, þó svo stór samsýning gæti svo sannarlega dregið að fjölda fólks og hugsanlega ólíkan hóp af fólki sem venjulega sækir sýningar á þessa staði. | Ekki er sótt um ákveðna upphæð, heldur niðurfellingu á salarleigur fyrir Tjarnarsal | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2347/Ums%C3%B3kn-Tjarnarsalur.docx | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík Fringe 2024** | Grasrótin, félagasamtök | RVK Fringe Festival er alþjóðleg jaðarlistahátíð, stökkpallur og tengslanet fyrir listafólk að koma sér á framfæri hérlendis sem erlendis. Hátíðin einblínir á að draga listasenu jaðarsins fram í dagsljósið og lyfta upp grasrótarlisthópum landsins.<br><br>RVK Fringe fer fram í sjöunda sinn sumarið 2024, dagana 17. - 23. júní. Hátíðin fagnar fjölbreyttri list, t.d. leiklist, tónlist, sirkús og dansi, en einnig óvenjulegri og jaðarsettari listformum svo sem uppistandi, gjörningum, götulistaverkum og tölvuleikjum. Á hátíðinni fara fram námskeið, fyrirlestrar og viðburðir fyrir listamenn til að mynda tengslanet sín á milli. Hátíðin styður við listræna flóru borgarinnar og býður borgarbúum jafnt sem ferðamönnum upp á skemmtilega og fjölbreytta afþreyingu á viðráðanlegu verði yfir hásumartímann þegar leikhús borgarinnar liggja í dvala.<br><br>Til að kynna hátíðina verða haldnir viðburðir reglulega yfir árið, einnig verður haldið “Hálft ár í Fringe” kynningarhóf í byrjun árs 2024, sem hitar Reykjavík upp fyrir komandi hátíð um sumarið með skemmtilegum og fjölbreyttum atriðum. Ásamt “Hálft ár í Fringe” verður boðið upp á “Pop up” Fringe viðburði fram að hátíðinni sjálfri sem fer fram í júní 2024. Markmið þessara viðburða er að kynna hátíðina fyrir borgarbúum og erlendum ferðamönnum og fylla miðbæ Reykjavíkur af söng, dans og allskonar list. Áhersla verður lögð á að stækka við áhorfendahóp hátíðarinnar og ekki aðeins ná til fullorðinna áhorfenda heldur einnig áhorfenda á aldrinum 1-12 ára með því að bjóða upp á meira úrval barnvænna sýninga.<br><br>Kynningarhófið “Hálft ár í Fringe” verður haldið um miðjan janúar á Gauknum, degi áður en umsóknarfrestur fyrir hátíðina | Miðborgarsjóður styrkti RVK Fringe Festival um 1 milljón 2018 og 2019.<br>Borgarsjóður styrkti hátíðina um 1 milljón króna árið 2021 og 2 milljónir árið 2022 og 2023.<br>Sumarborgin styrkti hátíðina um hálfa milljón 2020 og aftur 2022.<br>Allir styrkir frá Reykjavíkurborg hafa verið nýttir í uppsetningu hátíðarinnar. Þeir hafa verið nýttir í að borga húsnæðisleigu, laun tæknimanna, markaðssetningu, prent, laun ljósmyndara, auglýsingakostnað og laun starfsmanna. | RVK Fringe er einstök hátíð að því leyti að hún setur ekki mörk á hvaða list verður í boði heldur er hátíðin regnhlíf fyrir fjöldann allan af sýningum og viðburðum. Stjórn hátíðarinnar leitast við að fá sem fjölbreyttastan hóp listamanna og verka á hátíðina. Jaðarlistahátíðir fá gjarnan umsóknir frá verkum er snerta á mikilvægum samtímamálefnum. Á hátíðinni má því finna verk með sterkan jafnréttis boðskap, verk um málefni jaðarsettra hópa, LGBTQIA+ verk o.s.frv. Búast skipuleggjendur við svipaðri flóru á komandi árum.<br><br>Gestir hátíðarinnar hingað til hafa verið u.þ.b. 2/3 konur og 1/3 karlar, en við fáum þónokkuð af hán og fólki sem skilgreinir sig ekki eftir kyni á hátíðina. Kynjaskipting listamanna og sjálfboðaliða er nokkuð jöfn.<br><br>Reykjavík Fringe Festival er framsækin hátíð sem er opin öllum, óháð uppruna, aldri, þjóðerni, stétt, tungumáli, litarhætti, trúarbrögðum, lífs- og stjórnmálaskoðunum, trúleysi, kyni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kyneinkennum, fötlunar, holdafari, líkamsgerð, heilsufari, atgervi eða annarrar stöðu. Engin takmörk eru sett fyrir þátttöku sýningarfólks, og hátíðin leitast eftir því að hafa dagskrána sem fjölbreyttasta til að ná til gesta með ólík sjónarmið. Stjórn hátíðarinnar hefur þó það vald að neita atriði þátttöku ef atriðið hvetur til fordóma eða aðstandendur sýninga hafa verið ásakaðir um áreitni eða fordóma af einhverju tagi til að tryggja öryggi þátttakenda og gesta. Leitast er eftir góðu aðgengi hjólastóla á sem flestum staðsetningum hátíðarinnar. Finna má jafnréttisstefnu okkar á vefsíðu hátíðarinnar: rvkfringe.is/codeofconduct<br><br>Hátíðin einblínir á að draga listasenu jaðarsins fram í dagsljósið og lyfta upp grasrótarlisthópum landsins, sem og kynna fyrir Íslendingum erlendar sýningar sem fjalla um málefni sem oft má flokka sem ‘tabú’ málefni. Í jaðarlistasenunni má oft finna listræna einstaklinga og hópa sem telja sig á einhvern máta ekki falla inn í ‘normið’. Hátíðin er nú þegar í samstarfi við marga af þessum hópum, fjöldann allan af sýningarstöðum og stofnunum sem vilja styrkja við og hýsa listhópa sem berjast fyrir réttindum hinsegin fólks, í orðum og gjörðum. Þar má t.d. nefna aktívistann Báru Halldórsdóttur, Drag-súg og alla kabarett/börlesk hópa landsins.<br><br>Hátíðin í ár tók á móti mörgum óhefðbundum listahópum. Þar á meðal má nefna dans hópinn Resident Island Dance Theatre frá Taiwan sem samanstendur af fötluðum og ófötluðum dönsurum, þar á meðal einum dansara í hjólastól. Tónlistarflytjandinn Storm Dunder hreyf áhorfendur með sýningu sinni Welcome | 500000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2349/RVK%20Fringe%20Kostna%C3%B0ar%C3%A1%C3%A6tlun%202024%20%281%29.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2349/Vi%C3%B0b%C3%B3targ%C3%B6gn%20RVK%20Fringe%202024%20%281%29.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2349/T%C3%ADmal%C3%ADna%20fyrir%20RVK%20Fringe%202024.pdf |
| **Samfelagsstæði** | Sturla Einarsson | Ég sæki um styrk fyrir hugmyndavinnu.<br><br>Hugmyndin er að endurskipuleggja gjaldskyldukerfi bílastæðasjóðs þannig að kerfið samræmist miðborgarstefnu Reykjavíkur og mannúðar og jafnréttisstefnu borgarinnar. Það kerfi sem nú er við lýði mismunar borgurunum, það kemur af stað óeðlilegu flæði bifreiða um svæðið og orsakar aukna bílaumferð um íbúðargötur.<br>Gjaldskyld stýring á nýtingu bílastæða er snildar hugmynd en það verður seint hægt að seiga það það sé snild hvernig hún er framkvæmd i Reykjavík í dag.<br>Meigintilgangur bílastæðasjóðs er að stýra nýtingu stæða í kringum verslun og þjónustu i miðborginni, það er ekki hægt að seiga að það hafi tekist mjög vel hingað til, gestir miðborgarinnar forðast gjaldskylduna og vandamálin hafa ruðst inní íbúðarhverfin í nágrenninu og valdið þar aukinni bílaumferð ásamt skorti á bílastæðum og veldur þetta íbúum eðlilega óþægindum. Lausnin sem núverandi kerfi býður íbúunum uppá er í raun vandamálið sjáft, þ.e. gjaldskyldan sjálf, hún hefur verið lögð á íbúana með takmörkunum, ekki er tekið tillit til leiganda, þeir virðast ekki vera viðurkenndir sem íbúar og þurfa að leggja annarstaðar en heima hjá sér, sumir hafa vinnubíl + heimilisbíl en eru með eitt einkastæði og neyðast því til að geyma annan bílinn fyrir utan heimili í nálægum götum og valda vandræðum þar. Íbuar á gjaldskyldum svæðum geta ekki boðið gestum í mat eða afmæli nema gestirnir borgi i stöðumæli eða leggji í götum í nágrenninu. Það á ekki að þurfa að hafa mörg orð um það hvaða snjóbolti er hér á ferðinni. Vandamálin sem hljótast af stýringu stæða í miðbænum hafa neikvæð áhrif á búsetu í nálægum íbúðarhverfum og valda íbúum þar óþægindum, | | Markmiðið er að allir greiði jafnt fyrir sömu aðstöðu og að íbúar miðborgarinnar séu ekki látnir sitja uppi með vanda sem þeir eiga einna minnstan þátt í, íbúar miðborgarinnar eru líklegastir allra íbúa borgarinnar til að fara fótgangandi í bæinn. | 1.000.000 | | | |
| **VibEventure** | Hringekjan ehf | VibEventure er tónlistarapp sem hefur það að markmiði að endurnýja hvernig við upplifum tónlist á Íslandi. Með nýjum hætti býður VibEventure upp á sterka tengingu milli tónlistarmanna, áheyrenda, og viðburðarhaldara. VibeEventure opnar nýjar og spennandi leiðir í tónlistarheiminn.<br><br>Hugmyndin að VibEventure kom af þörfinni til að skapa einfaldari, skilvirkari og notendavænni leið fyrir tónlistarfólk að ná til áheyranda sinna og fyrir áheyrendur að uppgötva nýja tónlist. Með því að byggja á áratuga reynslu teymisins, sem spannar allt frá tónlistarviðburðum, IT, vefþróun, markaðssetningu, til grafískrar hönnunar, stefnir VibEventure að því að skapa tónlistarvistkerfi sem er fjölbreytt, sjálfbært og gagnlegt fyrir alla þátttakendur.<br><br>Eitt af helstu einkennum VibEventure er win-win líkanið, þar sem allir græða á að vera hluti af vistkerfinu. Tónlistarfólk fá jöfn tækifæri í listsköpun, aðgang að markaðssetningar tólum, og beinni tengingu við áheyrendur á meðan áheyrendur fá sérsniðna upplifun með möguleika á að fylgja eftir uppáhalds tónlistarmönnum sínum, uppgötva nýja tónlist og taka þátt í tónlistarviðburðum.<br><br>Ráðgjafateymið sem er samsett af sérfræðingum á sviði tónlistar, markaðssetningar og menningar gefur VibEventure einstakan möguleika á því að skilja þarfir og áskoranir tónlistarheimsins og að mæta þeim með nýsköpun og þekkingu. (Sjá nánar Teymið og Ráðgjafar.pdf)<br><br>Á næstu árum mun VibEventure leggja áherslu á vöxt á | VibEventure er í takt við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem leggur áherslu á jöfnuð, þolþreyju, og þátttöku allra borgarbúa óháð uppruna, kyni, aldri, trúarbrögðum, fötlun eða öðrum þáttum. Verkefnið okkar hefur þetta í forgrunni og mætir þessum gildum á eftirfarandi vegu:<br>Jafnrétti og gagnsæi: VibEventure tryggir að allir hafi jafna möguleika á að njóta og taka þátt í tónlistarlífi borgarinnar. Verkefnið tekur mið af þörfum allra borgarbúa og tryggir þeim aðgang að upplýsingum, viðburðum og tækifærum.<br><br>Þátttaka íbúa: Með því að bjóða borgurunum upp á beina þátttöku í skipulagningu og framkvæmd tónlistarviðburða, eflum við þátttökulýðræði og virðum skoðanir og þarfir þeirra.<br>Jafnt aðgengi: VibEventure tekur þátt í að mæta þörfum þeirra sem kunna að hafa takmarkað aðgengi að tónlistarviðburðum, hvort sem það er vegna menningarlegs, líkamlegs eða andlegrar fötlunar.<br><br>Tjáningarfrelsi: Tónlistarmenn fá tækifæri til að ná beint út til áheyrenda og þátttakendur geta tjáð sig og deilt skoðunum sínum í gegnum appið. Þetta er í takt við stefnu Reykjavíkurborgar um að efla tjáningarfrelsi.<br><br>Samvinna og þekkingaröflun: VibEventure eflir samstarf og nýsköpun í tónlistarlífi borgarinnar í takt við markmið Reykjavíkurborgar um að efla þekkingu, menningu og fjölbreytni. | VibEventure er í takt við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem leggur áherslu á jöfnuð, þolþreyju, og þátttöku allra borgarbúa óháð uppruna, kyni, aldri, trúarbrögðum, fötlun eða öðrum þáttum. Verkefnið okkar hefur þetta í forgrunni og mætir þessum gildum á eftirfarandi vegu:<br>Jafnrétti og gagnsæi: VibEventure tryggir að allir hafi jafna möguleika á að njóta og taka þátt í tónlistarlífi borgarinnar. Verkefnið tekur mið af þörfum allra borgarbúa og tryggir þeim aðgang að upplýsingum, viðburðum og tækifærum.<br><br>Þátttaka íbúa: Með því að bjóða borgurunum upp á beina þátttöku í skipulagningu og framkvæmd tónlistarviðburða, eflum við þátttökulýðræði og virðum skoðanir og þarfir þeirra.<br>Jafnt aðgengi: VibEventure tekur þátt í að mæta þörfum þeirra sem kunna að hafa takmarkað aðgengi að tónlistarviðburðum, hvort sem það er vegna menningarlegs, líkamlegs eða andlegrar fötlunar.<br><br>Tjáningarfrelsi: Tónlistarmenn fá tækifæri til að ná beint út til áheyrenda og þátttakendur geta tjáð sig og deilt skoðunum sínum í gegnum appið. Þetta er í takt við stefnu Reykjavíkurborgar um að efla tjáningarfrelsi.<br><br>Samvinna og þekkingaröflun: VibEventure eflir samstarf og nýsköpun í tónlistarlífi borgarinnar í takt við markmið Reykjavíkurborgar um að efla þekkingu, menningu og fjölbreytni. | 3000000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2369/Teymi%C3%B0%20og%20Ra%CC%81%C3%B0gjafar.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2369/VibEventure.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2369/fylgigogn.pdf |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fimmtudagurinn langi 2024** | Myndlistarmiðstöð | Myndlistarmiðstöð (áður Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar), kt. 490305-1220, sækir um styrk að upphæð 1.000.000 kr. fyrir hönd klasasamstarfsins Fimmtudagurinn langi.<br><br>Síðasta fimmtudagur í hverjum mánuði er Fimmtudagurinn langi. Þá stilla listasöfn og sýningarstaðir sig saman og bjóða upp á lengdan opnunartíma, frá kl. 17:00-21:00/22:00. Allir samstarfsaðilar leggja sitt af mörkum til að gera áhugaverða og fjölbreytta dagskrá, m.a. með því að opna nýjar myndlistarsýningar, bjóða upp á leiðsögn og margskonar smiðjur. Átakið hófst vorið 2020 og hefur hægt og rólega verið að vinda upp á sig. Tímabilið sem um ræðir er janúar – nóvember 2024, alls 11 skipti, og verður styrkurinn notaður til að standa fyrir öflugri kynningu til að ná til sem flestra.<br><br>Samstarfsaðilar:<br>Listasafn Íslands<br>Listasafn Reykjavíkur<br>BERG Contemporary<br>Hverfisgallerí<br>Kling & Bang<br>Nýlistasafnið<br>i8 gallerí<br>i8 Grandi<br>Höggmyndagarðurinn - Myndhöggvarafélagið í Reykjavík<br>SÍM gallerí - Samband íslenskra myndlistarmanna<br>Gallerí Port<br>Núllið gallerí<br>Þula<br>Flæði | Fimmtudagurinn langi hefur áður hlotið eftirfarandi styrki: Borgin okkar 2020, 500.000 kr. Sumarborgin 2021, 300.000 kr. og Miðborgarsjóður 2022, 940.000 kr.<br>Tveir fyrri styrkirnir voru notaðir til að búa til heildarútlit, hanna heimasíðu (www.fimmtudagurinnlangi.is) og prenta veggspjald. Síðasti styrkurinn var notaður til að kynna dagskránna yfir allt árið, alls 11 skipti. M.a. voru keyptar samlesnar útvarpsauglýsingar á Rás 1 og Rás 2, keyptar auglýsingar í enskumælandi prentmiðlinum Grapevine, keyptar auglýsingar á samfélagsmiðlum og Google auglýsingar. | Leiðarljós átaksins að auka þjónustustig við gesti og bæta aðgengi breiðari hóps, bæði borgarbúa og annarra gesta, að samtímamyndlist. Langtíma markmið átaksins er að hvetja nýja hópa, sérstaklega hópa sem að öllu jöfnu fara ekki á sýningar, til að taka þátt í menningarlífinu og njóta myndlistar.<br><br>Þessum markmiðum er náð með að bjóða upp á lengri opnunartíma síðasta fimmtudag hvers mánaðar og þannig búa til svigrúm fyrir gesti til að skoða sýningar eftir að dagvinnu lýkur og utan hefðbundins opnunartíma sýningarstaðarins. Einnig er boðið upp fjölbreytta flóru viðburða í tengslum við átakið, s.s. leiðsagnir, sýningaropnir og smiðjur. Margir sýningarstaðir nota tækifærið til að þróa og prufukeyra viðburði sem ná athygli út fyrir reglulegan gestahóp. Sem dæmi má nefna döff leiðsögn sem var hjá Listasafni Reykjavíkur og leiðsögn með skáldum sem var hjá Listasafni Íslands.<br>Fimmtudagurinn langi býr til vettvang fyrir gesti til að fara á milli sýningarstaða og upplifa líflega myndlistarviðburði og menningu. Þannig stuðlar átakið að fjölbreyttri borgarmenningu og auknu aðgengi til menningarþátttöku fjölbreyttra samfélagshópa, sem samræmist mannréttindastefnu Reykjvíkurborgar. | 1000000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2365/Umso%CC%81kn%20Mi%C3%B0borgarsjo%CC%81%C3%B0ur%202023%20-%20FL.pdf | | |
| **Sumarjazz Jómfrúarinnar 2024** | Jómfrúin veitingahús | Jazzprógrammið er á sínum stað á hverju sumri. Það er Sigurður Flosason sem fer með skipulagsvald í gerð dagskrár, Jómfrúin sér um bjórinn, matinn og sólina á Jómfrúartorginu. Fyrstu tónleikar verða samkvæmt venju fyrsta laugardag í júní og svo alla laugardaga út ágúst, milli 15 og 17. Leikið er utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.<br><br>Það jafnast ekkert á við jazz! | Fengum 200.000 sem fóru í að greiða hluta að kostnaði við nýtt svið. | Tónleikarnir eru öllum opnir, ókeypis fyrir borgarbúa og eru að verðna haldnir í 28 skiptið næsta sumar. Jómfrúin hefur hlotið mannréttindaviðurkenningu samtakanna 78 og er líklega sá veitingastaður sem styður hve mest við jafnrétti allra hópa og óháð kyni. Jómfrúin er með 19 ársverk og því ekki skyldug til jafnlaunavottunar en myndi án efa uppfylla allar kröfur. | 1000000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2366/Jazzinn%202021%20dagskra_2PRINT%20fr%C3%A1%20Jorra.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2366/86350620_10158195898393394_6356403992938938368_n.jpg | |
| **Aðgengileg leirkerasmiðja** | FLÆÐI Listfélag | LeirFLÆÐI er leirkerasmiðja sem vinnur að því að gera leiriðkun aðgengilegt fyrir öll sem vilja vinna með leir. Við bjóðum upp á fjölbreytt námskeið og vinnustofur fyrir byrjendur, lengra komna og börnum með foreldrum sínum. Við bjóðum líka leirkerasmiðum upp á skammtíma eða langtímaleigu í sameiginlega vinnurýminu okkar. Að vinna með leir krefst mikils pláss,tíma og tóla, því getur það verið erfitt fyrir leirkerasmíði og áhugafólk að finna vinnurými og getur það verið með kostnaðarsamt að koma upp þeim búnaði. Námskeiðinn okkar eru kend á íslensku og ensku, því stór hluti iðkenda hjá okkur hafa annað móðurmál en íslensku.<br><br>Við höfum sankað að okkur notuðum og nýjum verkfærum, tækjum og tólum yfir árin frá samfélaginu. Nú viljum við taka næsta skref og bæta undirstöður leir smiðjunnar með því að uppfæra aðstöðuna og gera hana enn aðgengilegri og sjálfbærari. Þar sem félagið vill stuðla að aðgengi þá eru ákveðin tæki sem auðvelda ferlið sem virkilega hjálpar þeim sem hafa minni handstyrk og líkamlega getu.<br>Því sækjum við um styrk fyrir tækjakostnaði upp á 2.390.000 kr | FLÆÐI listagallerí fékk styrk upp á 260.000kr frá Reykjavíkurborg fyrir jólamarkaði og listasýningu á Vesturgötu 17 2021. Fjármunir fóru í skreytingar, auglýsingar, tækjaleigu, sölusíðugerð og þóknun fyrir sjálfboðaliða. | Markmið LeirFLÆÐI er að auka aðgengi allra að íslensku handverki og styrkja þannig og stuðla að fjölbreyttu menningarsamfélagi á Íslandi. Smiðjan okkar er í lyftuhúsi með aðgengis salerni. Við bjóðum upp á kennslu á íslensku og ensku og er stór hópur iðkenda okkar með annað móðurmál en íslensku. Erlendar konur búsettar hér á landi eru í meirihluta af þeim sem nýta vinnustofuna og þar af leiðandi finnst okkur mikilvægt að geta boðið upp á aðgengilegt rými á viðráðanlegu verði. Fjölbreytt námskeið eru fyrir alla aldurshópa allt frá byrjendum til reyndra leirkerasmiða.<br><br>Félagið vill stuðla að aðgengi til þeirra sem eru með minni líkamlega getu og skoða þá þá eru til tæki sem auðvelda ferlið sem virkilega hjálpar þeim sem hafa minni handstyrk og líkamlega getu. Þar sem leirkerasmíði krefst mikillar líkamsbeitingar er mikilvægt að passa upp á líkamann í ferlinu. Með því að nota ákveðin tæki eins og leirfletjara, leirgrindarvél, leirkúlumaulara og lofthreinsitæki þá getum við boðið leirkerasmiðum uppá aðgengilega aðstöðu sem styður við heilbrigði á vinnustað. Við sækjum hér um styrk til að betrumbæta vinnuaðstöðu okkar í LeirFLÆÐI sem styður að fjölbreytta og langlífa listaflóru í hjarta miðbæjarins. | 2.390.000 kr | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2370/Mi%C3%B0borgarsjo%CC%81%C3%B0ur%20_%20LeirFL%C3%86%C3%90I.pdf | | |
| **Fyrirbæri múltí komplex listamannarekið rými: sýningar og viðburðir í miðborginni** | Fyrirbæri | Fyrirbæri er rekið algjörlega á frumkvæði listamanna og hafa nágrannar og nær samfélag tekið starfsemi Fyrirbæris fagnandi og þá sérstaklega tilkomu sýningarrýmis og viðburðum tengdu því. Tilvist Fyrirbæris er faktís hreiður frumkvæðis, nýsköpunar og rannsóknar í hjart Kvosarinnar þar sem skapandi starfandi Reykvískir borgarbúar fá að vinna og sýna afrakstur sinn og deila með íbúum og öðrum hagsmunaaðilum borgarinnar, landsmönnum öllum og erlendum gestum.<br><br>Markmið Fyrirbæris er að styðja við grunnþarfir listrænnar starfsemi listamanna með því að skapa vettvang fyrir vinnustofur og sýningarrými til að sýna afrakstur vinnunar. Um er að ræða ríkulega sýningarröð á árinu 2024 sem hverfast mun um einka- og samsýningar, gjörninga- og tónlistar viðburði þvert á miðla. Fyrirbæri tekur virkan þátt í öllum helstu viðburðum Reykjavíkur, listahátíðum, borgin okkar og mánaðarlegum viðburðum eins og löngum fimmtudegi. Staðsetning Fyrirbæris er fyrirtaks tengibrú milli Hafnarsvæðisins og miðbæjarins. Frítt er inn á alla viðburði Fyrirbæris og allir velkomnir. Einnig verður boðið upp á opnar vinnustofur og taka listamenn reglulega á móti skólahópum og erlendum gestum. Tilvist starfsemi múltí komplex rýmis Fyrirbæri vekur gleði á meðal íbúa, starfandi listamanna og listasenunnar sjálfrar. Fjölbreytileiki og virkni Fyrirbæris er einsdæmi í Reykvískri menningu og starfsvettvangi listamanna sömuleiðis.<br><br>Vinnustofur og sýningar á vegum Fyrirbæris á Ægisgötu 7 eru nauðsynlegar fyrir starfandi listamenn í Reykjavík bæði vegna staðsetningu og aðgengi inn á vinnstofur og sýningarrými þar sem byggingin er sniðin fyrir flókin og fyrirferðamikil listaverk. | Fyrirbæri er múltí komplex listamannarekið rými á Ægisgötu 7 í Reykjavík og hýsir vinnustofur listamanna og gallerí síðan 2022. Fjölbreyttir lista- og menningar viðburðir voru á dagskrá vetur-sumar 2023 fyrir alla, gjaldfrjálst með stuðning frá Miðborgarsjóði. Styrkurinn skapaði grunndvallar tækifæri fyrir listrænar rannsóknir, nýsköpun og listræn þróunarverkefni fyrir listamenn til að sýna í sýningarrými fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila borgarinnar, landsmenn alla og erlenda gesti. List og menningar viðburðir gallerís Fyrirbæri voru fjölbreytt og mikið var um samstarfs- og samvinnu listamanna þegar kom að setja upp sýningar og eiga í samtölum við samfélagið. Styrkur Miðborgarsjóður gaf listamönnum tækifæri á að sýna og deila sínum fjölbreytilegum niðurstöðum með gestum sýninga, einnig verður gefin út samantekt af sýningum og gerð aðgengilega á heimasíðum listamanna sjálfra og Fyrirbæris.<br><br>Verkefnið Fyrirbæri múltí komplex listamannarekið rými: sýningar og viðburðir hlaut 1.500.000kr í styrk frá Miðborgarsjóði. Styrkurinn var nýttur í uppí kostnaða á sýningum og viðburðum frá vetri til sumars samtals um átta opnanir, listamannaspjall og tón- og gjörninga viðburðir. Án styrkveitingunni hefði ekki verið fræðilegur möguleiki á skapa þennan einstaka vettvang fyrir listamenn og gesti. Nýting fjármuna fór í aðkeypta vinnu, listrænna þóknun, efnis- og tækjakostnað, verkefnastjórnun og kynning á verkefnum.<br><br>Verkefnið Fyrirbæri multí komplex listamannarekið rými: sýningar og viðburðir hlaut 1.500.000kr í styrk frá Miðborgarsjóði. Styrkurinn var nýttur í uppí kostnaða á sýningum og viðburðum frá vetri til sumars samtals um átta opnanir, listamannaspjöll og tón- og gjörninga viðburðir. Án | Fyrirbæri hýsir vinnustofur og sýningarrými fyrir listamenn þvert á miðla og sýnir verk þeirra óháð kyni, aldri eða þjóðerni. Fyrirbæri mismunar ekki listamönnum og vinnur að jafnrétti á sviði listar og menningar í Reykjavík. Fyrirbæri leggur áherslu á fjölbreytileika bæði hvað varðar listrænar stefnur eða uppruna listamanna, kyns, kynhneigðar/kynvitundar, trúarbragða, aldurs, líkamlegs- og andlegs ástands eða þjóðernis.<br><br>Í Fyrirbæri eru nú þegar listamenn frá ýmsum þjóðum á öllum aldri og listamenn sem eiga við hreyfiáskorun t.a.m. Aðgengið hentar fullkomlega fyrir alla óháð hreyfigetu, til dæmis með ramp innkeyrslu á tveimur hæðum sem gengur inn í bæði sýningar og vinnurými. Einnig fyrir alla borgarbúa að njóta listar og menningar óháð hreyfigetu og eða fjárhag þar sem frítt er inn á alla viðburði gallerís Fyrirbæris.<br><br>Markmið Fyrirbæris er einnig að skapa tækifæri fyrir listamenn af erlendum uppruna að mynda tengsl við Reykvíska listamenn. Þar sem Fyrirbæri er listamannarekið og um leið opinn vettvangur fyrir alla listamenn sem vilja vinna að sinni listsköpun og sýna – að þá myndast ákveðin brú fyrir þau okkur sem að langar að tilheyra listasenu(nni) og láta samfélagið allt njóta góðs af. | 3.600.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2372/FYRIRBAERI_midborgarsjodur2023umsokn.pdf | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Á milli project space programme** | Aikaterini Spathi | Á milli is a progressive exhibition & art-project platform, housed in the heart of Reykjavík, Ingólfsstræti 6 that strengthens public awareness of contemporary art in an accessible way.<br><br>An initial partnership with the Municipality of Reykjavík is requested, in order to support the running costs of the programme of the project space on the grounds that Á milli is comparable to other contemporary artist-run initiatives, while putting an emphasis on the community and rendition of the diverse zeitgeist of the local art scene. The goal of Á milli is two-fold, that is to strengthen the dialogue between the grassroot contemporary art scene and the public in Reykjavík and to increase awareness of the importance and social value of art, but also to be a progressive exhibition platform and a platform for the internal development of the art scene.<br><br>http://a-milli.org/ | This is the first time Á milli is applying for a grant through the municipality. I got a grant from Reykjavík City on my name in 2018, for the project "KS12: Transitions", which was part of menningarnótt (100.000 isk), as well as a grant through Borginn okkar in 2021 for the project "Bakgarðurinn" (300.000 isk). | The Á milli team believes that the space fits well with the goals of Reykjavík's human rights policy. We treat all participants and visitors with respect and without discrimination regardless of their origin, nationality, cultural background, gender, race, religious position, political opinions or other reasons.<br><br>Although each project is different, it is safe to say that all somehow aim to create discussions about certain issues both in the art scene and attempts as well to form the position of the individual within an ever-changing society. We believe that art events that encourage discussion are well-suited to increase tolerance and draw attention to certain issues, in addition to the fact that art is always an important voice in every society, promotes critical thinking and keeps reassessing. | 700000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2376/A%CC%81%20milli.pdf | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2376/A%CC%81%20milli%20-%20Costs%20Assessment.pdf | |
| **Ný stafræn íslensk nýsköpunargátt - Skapa.is** | Nátthrafn Tæknilausnir ehf. | Verkefnið snýr að smíði stafræns íslenskar nýsköpunargáttar sem er sérsniðin til að styðja við nýsköpun og frumkvöðla á Íslandi. Nýsköpunargáttin heldur utan um upplýsingagjöf um stuðning við nýsköpun, fræðsluefni og viðburðadagatal.<br><br>Verkefnið snýr að byggingu nýrrar stafrænnar nýsköpunargáttar sem kemur í stað þeirrar upplýsingasíðu sem er núna aðgengileg á skapa.is sem umsækjandi stofnaði fyrr á árinu.<br><br>Stafræna nýsköpunargáttin sem er í formi vefsíðu nær þannig utan um þá þætti í vistkerfi íslenskrar nýsköpunar sem hjálpar frumkvöðlum og styður undir verðmætasköpun fyrir íslenskt samfélag. Gáttin tekur saman á einum stað allar nytsamlegar upplýsingar er tengjast stuðningi við frumkvöðla og aðra þætti er hjálpa frumkvöðlum að taka næsta skref með hugmyndir sínar og verkefni. Með því er gáttin nýsköpunar-vegvísir, en í dag eru upplýsingar fyrir frumkvöðla hér og þar án neinnar yfirsýnar um nýsköpunarstuðning, hraðla, styrki, lausnarmót, klasa, viðburði og fjárfestingarsjóði svo eitthvað sé nefnt.<br><br>Markmiðið er að ný stafræn íslensk nýsköpunargátt verði megin vegvísir fyrir frumkvöðla á fyrstu stigum og sé sá staður sem bent er á þegar frumkvöðlar leitast eftir að taka þátt í hröðlum, lausnarmótum, klösum eða áföngum tengt nýsköpun. Slík kortlagning er dýrmæt aðstoð sem hjálpar frumkvöðlum í gegnum frumkvöðlaferlið, eykur líkur á að hugmyndir verða að veruleika og ýtir undir verðmætasköpun í landinu.<br><br>Nýsköpunargáttin styður því undir eflingu á menntamálum, | | Nýja nýsköpunargáttin er stafræn og opin öllum í gegnum vefsíðu, aðgangur og notkun er gjaldfrjáls og því án allrar mismunar. Vegna eðlis nýsköpunargáttarinnar þá tryggir hún jafnan aðgang, óháð kynhneigð, trú, uppruna, líkamsgerð og fleiri þátta, ólíkt eins og getur gerst óviljandi þegar til að mynda er valið inn í nám, eða einstaklingar eru þátttakendur í námskeiðum tengt nýsköpun eða leita eftir ráðum til annarra í nýsköpunarumhverfinu.<br><br>Búast má við að notendur nýsköpunargáttarinnar séu á mjög breiðum aldri og á mismunandi stigum að feta sig í gegnum frumkvöðla senuna, og því þarf efni gáttarinnar að endurspegla það.<br><br>Orðanotkun í nýsköpunargáttinni skal vera á þann hátt að það búi ekki til kynjaðar hugmyndir um steríótýpu frumkvöðuls, og leggja skal áherslu á jafna stöðu allra kynja í þeim efnum.<br><br>Aðgengi (e. accessibility) á vefsíðunni er mikilvægt og skal notkun nýsköpunargáttarinnar vera auðveld þeim sem búa við einhverja fötlun. Þar skiptir meðal annars máli, bygging viðmóts, hæfni síðunnar til að hægt sé að nýta hana með lyklaborði án músar, skýr lýsigögn á efnum síðunnar og góður stuðningur við talgervla svo nokkrir þættir séu nefndir.<br><br>Þessi atriði eiga að auðvelda aðgengi allra að auknum stuðningi við nýsköpun og vinna gegn mismun og að auknu jafnrétti. | 1.150.000 | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2375/Kynning%20-%20Stafr%C3%A6n%20i%CC%81slensk%20ny%CC%81sko%CC%88punarga%CC%81tt%20-%20Skapa.is_.pdf | | |
| **Fyrirbæri múltí komplex listamannarekið rými: sýningar og viðburðir á árinu 2024** | Fyrirbæri | | Fyrirbæri er múltí komplex listamannarekið rými á Ægisgötu 7 í Reykjavík og hýsir vinnustofur listamanna og gallerí síðan 2022. Fjölbreyttir lista- og menningar viðburðir voru á dagskrá vetur-sumar 2023 fyrir alla, gjaldfrjálst með stuðning frá Miðborgarsjóði. Styrkurinn skapaði grunndvallar tækifæri fyrir listrænar rannsóknir, nýsköpun og listræn þróunarverkefni fyrir listamenn til að sýna í sýningarrými fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila borgarinnar, landsmenn alla og erlenda gesti. List og menningar viðburðir gallerís Fyrirbæri voru fjölbreytt og mikið var um samstarfs- og samvinnu listamanna þegar kom að setja upp sýningar og eiga í samtölum við samfélagið. Styrkur Miðborgarsjóður gaf listamönnum tækifæri á að sýna og deila sínum fjölbreytilegum niðurstöðum með gestum sýninga, einnig verður gefin út samantekt af sýningum og gerð aðgengilega á heimasíðum listamanna sjálfra og Fyrirbæris.<br><br>Verkefnið Fyrirbæri múltí komplex listamannarekið rými: sýningar og viðburðir hlaut 1.500.000kr í styrk frá Miðborgarsjóði. Styrkurinn var nýttur í uppí kostnaða á sýningum og viðburðum frá vetri til sumars samtals um átta opnanir, listamannaspjall og tón- og gjörninga viðburðir. Án styrkveitingunni hefði ekki verið fræðilegur möguleiki á skapa þennan einstaka vettvang fyrir listamenn og gesti. Nýting fjármuna fór í aðkeypta vinnu, listrænna þóknun, efnis- og tækjakostnað, verkefnastjórnun og kynning á verkefnum. Markmiðið er að skapa en þá meiri metnaðarfyllri dagskrá á árinu 2024. | Fyrirbæri er rekið algjörlega á frumkvæði listamanna og hafa nágrannar og nær samfélag tekið starfsemi Fyrirbæris fagnandi og þá sérstaklega tilkomu sýningarrýmis og viðburðum tengdu því. Tilvist Fyrirbæris er faktís hreiður frumkvæðis, nýsköpunar og rannsóknar í hjart Kvosarinnar þar sem skapandi starfandi Reykvískir borgarbúar fá að vinna og sýna afrakstur sinn og deila með íbúum og öðrum hagsmunaaðilum borgarinnar, landsmönnum öllum og erlendum gestum.<br><br>Markmið Fyrirbæris er að styðja við grunnþarfir listrænnar starfsemi listamanna með því að skapa vettvang fyrir vinnustofur og sýningarrými til að sýna afrakstur vinnunar. Um er að ræða ríkulega sýningarröð á árinu 2024 sem hverfast mun um einka- og samsýningar, gjörninga- og tónlistar viðburði þvert á miðla. Fyrirbæri tekur virkan þátt í öllum helstu viðburðum Reykjavíkur, listahátíðum, borgin okkar og mánaðarlegum viðburðum eins og löngum fimmtudegi. Staðsetning Fyrirbæris er fyrirtaks tengibrú milli Hafnarsvæðisins og miðbæjarins. Frítt er inn á alla viðburði Fyrirbæris og allir velkomnir. Einnig verður boðið upp á opnar vinnustofur og taka listamenn reglulega á móti skólahópum og erlendum gestum. Tilvist starfsemi múltí komplex rýmis Fyrirbæri vekur gleði á meðal íbúa, starfandi listamanna og listasenunnar sjálfrar. Fjölbreytileiki og virkni Fyrirbæris er einsdæmi í Reykvískri menningu og starfsvettvangi listamanna sömuleiðis.<br><br>Vinnustofur og sýningar á vegum Fyrirbæris á Ægisgötu 7 eru nauðsynlegar fyrir starfandi listamenn í Reykjavík bæði vegna staðsetningu og aðgengi inn á vinnstofur og sýningarrými þar sem byggingin er sniðin fyrir flókin og fyrirferðamikil listaverk. Starfsemi Fyrirbæris skapar tækifæri fyrir framþróun á íslenskri samtímalist og vettvang fyrir tilraunir og þróun auk víxlverkunar í listinni. Menning verður að fá að halda sínu rými í kjarna borgarinnar þar sem tenging við mannlífið er stór hluti af því að vinna í skapandi starfsgeira. Einnig verður til ríkt samtal á milli listamanna og sérfræðinga innan starfssviða þar sem yfir 30 listamenn þvert á listgreinar deila vinnustofum á Ægisgötu 7. Struktur Fyrirbæris er fullkominn grunnur fyrir Samstarfs- og samvinnuverkefni ólíkra listamanna og aðra sem vilja takast á við frumkvæði, nýsköpun og rannsóknir að verða til. Tækifæri til að sýna niðurstöður á hinum ýmsum verkefnum innan veggja Fyrirbæris í sýningarsal hússins sem og upplýsingar um öll verkefnin eru gerð skil á heimasíðu Fyrirbæris og þeirra sem skapa hvert og eitt verkefni.<br><br>Vinnustofur og sýningarrými Fyrirbæris á Ægisgötu 7 eru einnig nauðsynlegar fyrir þá starfandi listamenn í Reykjavík sem nýta sér verkstæði Höggmyndafélags Reykjavíkur (Höggó) sem er í næstu götu. En vert er að | 3.600.000 kr. | https://forms.reykjavik.is/system/files/webform/custom_umsokn_um_styrk_ur_midbor/2373/FYRIRBAERI_midborgarsjodur_2023-2.pdf | | |

# FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

**Tilgangur jafnréttisskimunar:**
Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 27.11.2023 |
| **Svið:** | Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara |
| **Unnið af:** | Hulda Hallgrímsdóttir |
| **Verkefni/tillaga:** | Miðborgarsjóður |
| **Þjónustuþáttur:** | |
| **Stofnun/kostn.st.:** | 01296 - verkefnanúmer 09417 |
| **Fjárhæð:** | 12.100.000 kr. |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

**Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?**

Hlutverk Miðborgarsjóðs er að stuðla að því að miðborgin sé áhugaverður og aðlaðandi dvalar og áfangastaður fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila borgarinnar, landsmenn alla og erlenda gesti. Markmið Miðborgarsjóðs er að stuðla að fjölbreytni í miðborginni og eflingu hennar sem íbúðabyggðar og um leið miðstöðvar verslunar, þjónustu, mannlífs, menningar og stjórnsýslu.

**Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.**

Já, í undirbúningi tillögunnar hefur verið unnið að því að skapa sjóð þar sem allir standa jafnfætis, óháð kyni, efnahag, menningarlegum og félagslegum bakgrunni.

Við yfirferð umsókna var í matsblaði horft til þess hversu vel verkefnunum tekst að stuðla að fjölbreytni, inngildingu og jafnrétti.

**Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.**

Í miðborginni ríkir jafnræði þannig að fólk á öllum aldri geti notið miðborgarinnar óháð efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum bakgrunni. Stuðlað er að því að þróa miðborgina og umhverfi hennar, vöru og þjónustu með og fyrir eins breiðan hóp af fólki og mögulegt er, óháð aldri, getu og fjárhag. Val á verkefnum miðborgarsjóðs horfir til þessara þátta.

**Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.**

Markmiðið miðborgarsjóðs er að styðja við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgar:

„Miðborg Reykjavíkur er höfuðborg allra landsmanna þar sem mætist öflugt og heilbrigt íbúasamfélag, fjölbreytt atvinnustarfsemi og menningar- og mannlíf sem endurspeglar bæði menningararf þjóðarinnar og framsækinnar og alþjóðavæddrar borgar. Í henni er gott að búa, starfa og vera gestur.“

| |
|---|
| |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]** |
| Nei |

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Reykjavík



# Miðborgarsjóður

## Tillaga að styrkveitingu 2023

Nóvember 2023

# Miðborgarsjóður

Hlutverk Miðborgarsjóðs er að stuðla að því að miðborgin sé áhugaverður og aðlaðandi dvalar og áfangastaður fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila borgarinnar, landsmenn alla og erlenda gesti. Markmið Miðborgarsjóðs er að stuðla að fjölbreytni í miðborginni og eflingu hennar sem íbúðabyggðar og um leið miðstöðvar verslunar, þjónustu, mannlífs, menningar og stjórnsýslu.

Áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem eru í samræmi við framtíðarsýn og meginmarkmið stefnu í málefnum miðborgar.



reykjavik.is/midborgarsjodur

Umsóknarfrestur var til 1. nóvember

- 37 umsóknir bárust
- Sótt var um 50.941.000 kr.
- Lagt til að 20 verkefni hljóti styrk
- Úthlutun í ár 12.100.000 kr.



# Tillaga að úthlutun úr Miðborgarsjóði Reykjavíkur 2023

| Heiti verkefnis | Upphæð: |
|---|---|
| Tónleikarýmið R6013 | 2.000.000 kr. |
| Fjölmenningarleg vetrarhátíð - tón,- dans,- og föndursmiðja | 500.000 kr. |
| Minning um sumar | 100.000 kr. |
| Jazz í Djúpinu | 800.000 kr. |
| Kvartettinn Negla á Sígildum sunnudögum | 100.000 kr. |
| Ástarljóð og austanvindar: Tónleikar á Sígildum sunnudögum | 100.000 kr. |
| KANNSKI | 800.000 kr. |
| Eins og Tjara... Myndlistarsýning í Höggmyndagarðinum | 100.000 kr. |
| Wasteland Ísland | 500.000 kr. |
| CODAPENT - Sviðslistaþerapía | 100.000 kr. |
| Afrískir Laugardagar í miðborg Reykjavíkur | 300.000 kr. |
| Hringrásarsafnið - Second location in 101 | 1.000.000 kr. |
| Vefútvarpið DRIF í turninum á Lækjartorgi | 400.000 kr. |
| Barokkveisla nýja ársins 2024 | 100.000 kr. |
| Vegglistaverk í undirgöngin við Grettisgötu 73 | 300.000 kr. |
| Götubitahátíð í Hljómskálagarðinum - 19-21 júlí 2024 | 1.000.000 kr. |
| Reykjavík Fringe 2024 | 500.000 kr. |
| Fimmtudagurinn langi 2024 | 1.000.000 kr. |
| Sumarjazz Jómfrúarinnar 2024 | 400.000 kr. |
| Fyrirbæri múltí komplex listamannarekið rými: sýningar og viðburðir 2024 | 2.000.000 kr. |
| Samtals: | 12.100.000 kr. |

# Nánar um verkefnin



| | | |
|---|---|---|
| **Tónleikarýmið R6013** | R6013 hefur boðið upp á fjölbreytta tónleikadagskrá síðan vorið 2017, en á þeim tíma hafa verið haldnir á annað hundrað tónleika og annars konar viðburða í rýminu. Rýmið hefur fest sig í sessi sem mikilvægur kjarni grasrótarinnar í Reykjavík og hefur verið virkasta (og oft eina) rýmið sem býður upp á tónleika fyrir alla aldurshópa. Þar mætast ólíkar stefnur og straumar og gestir fá gullin tækifæri til að hugsa út fyrir rammann og kynnast nýjum tónlistarstefnum og listformum. Rýmið er ekki bundið ákveðinni stefnu eða ákveðnum hópum heldur leggur mikið upp úr því að bjóða ólíkum hópum rými til að blandast. | 2.000.000 kr. |
| **Fjölmenningarleg vetrarhátíð - tón,- dans,- og föndursmiðja** | Markmiðið með vetrarhátíð Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur (ÍMR) er gefa íbúum miðborgarinnar tækifæri á að lyfta sér upp og fagna að skammdeginu sé að ljúka. Ætlunin er að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá tón,- dans- og föndurviðburða með áherslu á sköpun og samstarf. Stefnt er að því að viðburðirnar endurspegli sem best þá litríku fjölmenningu sem íbúar miðborgarinnar búa yfir. Einnig er stefnt að því að fá íbúana til að taka þátt í þeim eins og kostur er. Þannig mun hátíðin auka við mannlíf og fjölmenningu í hverfinu, skírskota til þess breiða hóps sem í því býr og um leið að efla samhug og samkennd þeirra á meðal. Hátíðin mun fara fram í Spennistöðinni, félags- og menningarmiðstöð íbúa miðborgarinnar, en miðstöðin var m.a. sett á stofn á sínum tíma að tilstuðlan íbúasamtakanna. Einhverjir viðburðanna verða utanhúss ef veður leyfir. | 500.000 kr. |
| **Minning um sumar** | Tvíeykið Dúó Áróra samanstendur af söngkonunni Solveigu Óskarsdóttur og píanistanum Önnu Þórhildi Gunnarsdóttur. Á þessum tónleikum munu þær flytja sönglög víðsvegar að úr heiminum, og fara á ferðalag um árstíðirnar. Efnisskráin er blanda þekktra sem og minna fluttra verka, m.a. eftir Tryggva M. Baldvinsson, Jean Sibelius og Isabelle Aboulker. Um er að ræða u.þ.b. klukkustundar tónleika á vormisseri í Hafnarhúsinu á Tryggvagötu eða Hannesarholti, drög að efnisskrá má finna neðst.<br><br>Markmið tónleikanna er að spila verk sem eru sjaldan flutt og auka sýnileika kvenkynstónskálda, efla klassískt tónlistarlíf í miðborg Reykjavíkur með áherslu á lifandi og skemmtilega dagskrá. Einnig viljum við auka aðgengi að menningarefni með því að hafa tónleikana gjaldfrjálsa. | 100.000 kr. |
| **Jazz í Djúpinu** | Jazzdeild FÍH stendur fyrir vikulegri jazztónleikaröð í Djúpinu, í kjallara veitingastaðarins Hornsins, Hafnarstræti 15 - í hjarta miðborgarinnar, árið 2024. Tónleikaröðin hóf göngu sína sumarið 2023 og hefur gengið vonum framar. Gert er ráð fyrir 8 vikulegum tónleikum að vori (febrúar-apríl), sumri (júní-ágúst) og hausti (september-nóvember). | 800.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| **Kvartettinn Negla á Sígildum sunnudögum** | Píanókvartettinn Negla er nýr kvartett sem tók til starfa árið 2023 og fékk góða dóma. Á öðru starfsárinu sínu ætla meðlimir Neglu að halda áfram að tefla saman annars vegar nýjum verkum sem áheyrendur gætu verið að heyra í fyrsta sinn og hins vegar þekktum stórvirkjum klassískrar tónlistar, á Sígildum sunnudögum með spennandi efnisskrá og flytur píanókvartetta eftir Peteris Vasks og Johannes Brahms. Hér blandast saman gamalt og nýtt, hárómantískur kvartett Brahms og beinskeyttur, þjóðlagakenndur kvartett Vasks sem saminn er 126 árum síðar.<br><br>Þessir tónleikar hafa það markmið að sameina hið gamla og ástsæla og hið nýja og frumlega og að áheyrendur fái að njóta þess að hlusta á þekkt verk en á sama tíma fá þeir mögulega tækifæri á að kynnast nýjum. Þetta er fjölbreytt og heillandi efnisskrá sem ætti að höfða til unnenda klassískrar tónlistar jafnt og til nýrra áheyrenda. Við leitumst við að höfða til fjölbreytts hlustendahóps með aðgengilegri efnisskrá á háu listrænu plani og er markmið okkar að fá sem flesta tónleikagesti og að allir sem hafa áhuga hafi tök á því að koma. Þess vegna finnst okkur mjög mikilvægt að auglýsa tónleikana víða í borginni, með plakötum og auglýsingaefni fyrir samfélagsmiðla, en einnig í eigin persónu t.d. með því að fara í skóla og aðrar stofnanir og spila brot úr efnisskránni og kynna tónlistina og hljóðfærin, og þannig hvetja fólk sem mögulega hefur áhuga á að koma í Hörpu á tónleika. | 100.000 kr. |
| **Ástarljóð og austanvindar: Tónleikar á Sígildum sunnudögum í Hörpu 21.4 2024** | Kammerkvartettinn ásamt píanódúói bjóða til ástarsöngvaveislu! Fluttir verða tveir ljóðaflokkar, Spænskir ástarsöngvar op. 138 eftir Robert Schumann og Ástarsöngva-valsar op. 52 eftir Johannes Brahms, sem byggjast báðir á þjóðlagatextum um ástina, auk Mynda að austan fyrir fjórhent píanó sem er innblásið af arabískum ljóðatextum og passar því einkar vel inn í þessa ljóðadagskrá.<br><br>Tónleikarnir verða hluti af Sígildum sunnudögum, tónleikaröðinni fyrir klassíska tónlist í Hörpu. Norðurljósasalurinn hefur verið bókaður fyrir tónleikana. | 100.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| **KANNSKI** | Listamannarekið gallerí í miðbænum með áherslu á að sýna listamenn í minnihlutahópum. Galleríið er ekki rekið í hagnaðarskyni.<br>Í byrjun júlí 2022 opnaði Kannski á Lindargötu 66, í rými sem er tilheyrir Samfélagshúsinu Vitatorgi. Kannski bregst við þörf sem við sáum í íslensku menningarlífi, og félagsstarfinu á Vitatorgi. Sýningarnar okkar blanda saman íslenskum listamönnum við alþjóðlega listamenn í röð tveggja vikna samsýninga. Með því að para listamennina saman – geta þeir tengst hver öðrum og samtímis eykur það fjölbreytileika íslenskra myndlistarsenu. Við hvetjum fólk í minnihlutahópum eins og hinsegin fólk og fólk af erlendum uppruna til að sækja um. Við höfum séð vináttu og fagleg tengsl myndast milli listamannanna sem sýna saman. Íbúar þjónustuíbúðanna mæta aftur og aftur þar sem þau hafa nú tækifæri á að sjá list, sem er í göngufæri. Við höfum orðið vitni að því að listamenn sem aldrei höfðu verið með sýningu áður, fá tækifæri hjá öðrum stærri list rýmum eftir að hafa sýnt verk sín í Kannski. Áhersla okkar er að sýna góð verk og einblína minna á stöðu listamannsins innan listasenunnar. Þetta gefur ungum listamönnum á uppleið tækifæri til að sýna hvað í þeim býr og koma sér á kortið. Í vetur verður ein tveggja vikna samsýningar á mánuði. Við erum bókaðar sýningar til og með ágúst 2023 og stefnum að opnu kalli fyrir framhaldið. Á heimasíðunni okkar höfum við yfirlit yfir fyrri sýningar, núverandi sýningu og væntanlegar sýningar.<br><br>Við veljum listamenn, sem taka fyrir viðfangsefni sem minna sjást í hefðbundnum íslenskum listrýmum. Flestir listamannanna sem við sýnum, tilheyra á einhvern hátt minnihlutahópum– til dæmis vegna kynhneigðar, húðlitar eða stöðu sem innflytjandi á Íslandi, svo dæmi séu nefnd. Við lítum fyrst og fremst á Kannski sem rými fyrir upphaf listaferils ungra listamanna, þátttöku fólks sem býr á Lindargötu 64-66 og/eða sækja þjónustu á Vitatorg og til að koma af stað samtölum milli alþjóðlegra og íslenskra listamanna.<br><br>Rýmið fengum í gegnum Reykjavíkurborg - Vitatorg samfélagshús. Við sendum þeim veggspjöldin okkar fyrir sýningarnar og þau setja upp auglýsingar í samfélagshúsinu og íbúðabyggingunum – og þau hvetja fólkið sem býr þar eða sækir á Vitatorg þjónustu, til að koma og sjá hvað er að gerast í rýminu okkar. Tengiliður okkar er Drífa Baldursdóttir, yfirmaður félagsstarfs á Vitatorgi. | 800.000 kr. |
| **Eins og Tjara... Myndlistarsýning í Höggmyndagarðinum** | Myndlistarsýning og uppákomur í Myndhöggvaragarðinum Nýlendugötu sem stendur Febrúar - Mars 2024.<br>Sýningin er af teikningum sem takast á við áföll, áfallastreituröskun og bata. Sería af teikningum sem þýddar eru á gler sem sýna hvernig hvort tveggja getur oft verið til staðar samtímis, áminning um að þessi vegur er ekki beinn.<br>Teikningarnar verða notaðar til að byggja vegg sem veita getur skjól fyrir samtöl og samkomur.<br>Teikningar eru byggðar á sögum af upplifun margra kvenna af kynferðisleguofbeldi og eftirköst þeirra.<br>Hugmyndin um vegginn byggir einnig á kenningum Leslie Kern og Arkitektúrstofunar White Arkitekter um femíniskara borgarskipulag. | 100.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| **Wasteland Ísland** | Wasteland Ísland er sýning og lifandi samræðuvettvangur um byggingariðnað framtíðarinnar. Þar sem markmiðið er að færa íslenskan byggingariðnað í átt til aukinnar sjálfbærni og hringrásar. Sýningin opnar í Norrænahúsinu í febrúar 2024 en mun ná hápunkti á HönnunarMars. Verkefnið er samstarf arkítekta og nýsköpunarstofunnar Lendager á Íslandi og í Kaupmannahöfn. Við vonumst til að Norrænahúsið verði yfir sýningartímann suðupottur fyrir alla þá sem vilja leggja sitt á vogarskálarnar við að gera byggingariðnaðinn grænni hér á landi. Sýnd verða vel heppnuð erlend verkefni þar sem byggingarefni eru endurnýtt auk þess sem þróuð verða ný nýsköpunarverkefni með hráefnum sem falla til hér á landi og standast kröfur um íslenskar byggingar. | 500.000 kr. |
| **CODAPENT - Sviðslistaþerapía** | Sótt er um styrk fyrir verkefnið Codapent performans þerapía sem verður sýnt í Ásmundasal 2024. Verkefnið tekur utanum myndlist, hönnum, sviðlistir, tónlist, þar sem almenningi er boðið uppá upplifun sem er bæði pólitísk, fræðandi og hreyfir við tilfinningum. Verkefnið er sölusýning á nýrri lyfleysu á markaðinum, Codapent sem læknar fólk af meðvirkni (Codependency). Verkið/Upplifunin/ferðalagið samanstendur af sérhönnuðum pilluglösum með lyfleysu í, Stórum pillulaga skúlptúrum, Videólistaverkum og frumsömdum textum og lögum. Flutt af listamönnum sýningarinnar og kvenna og kvár kór. | 100.000 kr. |
| **Afrískir Laugardagar í miðborg Reykjavíkur** | Afríka Lole / Cheick Bangoura hafa staðið fyrir afrískri lista- og menningarhátíð í að verða 15 ár.<br>Í fyrra var ákveðið að hita upp fyrir Far Fest Afríka Reykjavík með ,,Afrískum Laugardögum", þar sem Cheick og FAR Fest Afríka Reykjavík bjóða upp á skemmtilega viðburði í miðborginni einn laugardag í mánuði frá Maí og að Menningarnótt, sem eru 4 afrískir laugardagar.<br>Þar er boðið upp á ýmsa viðburði, t.d. trommuhring fyrir gesti og gangandi á Austurvelli/Laugarvegi, matarmarkaður, markaður með afrískt handverk, ördanssýningu og -námskeið þar sem gestir og gangandi fá að vera með, boðið upp á afríska ljóðlist, boðið upp á afríska ljósmyndasýningu o.m.fl. Á Menningarnótt stendur Cheick og Afrika Lole fyrir afrískum tónleikum, þar sem einnig er einskonar samantekt á ,,Afrískum Laugardögum", ýmist boðið upp á trommuslátt, dansnámskeið, afrískan mat, afrískt handverk á markaði, afrísk ljóð o.s.frv. og sem þá gefur tóninn fyrir FAR Fest Afríka Reykjavík sem haldin er í sept/okt. | 300.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| **Hringrásarsafnið - Second location in 101** | We would like to apply for the fund to build a second location for the Hringrásarsafnið downtown Reykjavik.<br><br>We have successfully funded the previous location at Borgabokasafn across town, but the location in 101 is the most used location from the project. We have now many members and mostly based in 101 Reykjavik. Since we are closing the main Munasafn RVK Location as our Hringrásarsafnið has grown and surpassed the numbers of the Munasafn, it is important to offer more items as local as possible, and funding a second location for the project in 101 would be ideal. We have spoken to a few potential partners (Swimming pool - since they are now under the same department as the libraries, stores around town who would be happy to host the location as well as Matholl in Hlemmur which could potentially be a place for the system).<br><br>The aim of this application is two fold:<br>1) Fund the build up of a location in 101 (hardware build up and items supplied in the system for borrowing)<br>2) provide further 500 free memberships for library card holders.<br><br>We have created a throurough research which showed us what Items members from 101 would like to borrow, and with that information we created a partnership with SORPA and Goði Hirin who will provide us with any items we require for the systems.<br><br>We would like to open this new location before Summer 2024. | 1.000.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| **Vefútvarpið DRIF í turninum á Lækjartorgi** | DRIF er "vef-útvarpsstöð" sem er búin að vera starfandi seinustu mánuði í Hljómturninum (gamli Söluturninn) á Lækjartorgi. Streymin eru tekin upp alla föstudaga og laugardaga og hægt er að hlusta í beinni útsendingu eða á upptöku seinna í gegnum YouTube síðu DRIF.<br>Útvarpsstöðin inniheldur DJ sett frá mismunandi tónlistarmönnum og plötusnúðum. Tilgangur DRIF er að auka sýnileika íslenskrar raftónlistarmenningar, bæði innanlands og erlendis.<br><br>Í turninum fara einnig fram annarsskonar viðburðir á virkum dögum eins og myndlistarsýningar, hljóðlistarsýningar og tónleikar. Þar er einnig til sölu vínyl plötur frá íslenskum raftónlistar útgáfum, allur ágróði fer til tónlistarmannana en eigin vínylútgáfa er í vændum. Á meðan útsending er í gangi er öllum velkomið í turninn að hlusta og boðið er upp á ókeypis kaffi. Um þessar mundir er DRIF í samstarfi við PostPrent. Prent frá sjö ungum íslenskum listamönnum hafa verið sett upp á ytri veggi turnsins og verður þeim skipt reglulega út fyrir ný verk frá fleiri listamönnum.<br><br>DRIF er eina starfandi vef útvarpsstöð sinnar tegundar á Íslandi en sjá má álíka starfsemi í mörgum stórborgum erlendis, m.a. HÖR í Berlín, Noods Radio í Bristol og Kiosk Radio í Brussel.<br><br>Í Hljómturninum mætist tónlist, myndlist og grafísk hönnun í hjarta miðborgarinnar. Á Lækjartorgi er turninn sýnilegur og aðgengilegur, þess vegna er hann mikilvægur vettvangur fyrir ungt listafólk og tónlistarfólk til þess að koma sinni list á framfæri. | 400.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| **Barokkveisla nýja ársins 2024** | Þau Sólveig Steinþórsdóttir, Ísak Ríkharðsson, Herdís Mjöll Guðmundsdóttir, Ásta Kristín Pjetursdóttir, Hjörtur Páll Eggertsson og Halldór Bjarki Arnarson komu fram í fyrsta sinn sem tónlistarhópur með barokktónlist í forgrunni á tónleikunum Barokkveisla nýja ársins sem fóru fram 2. janúar 2023. Þar voru leiknir einleikskonsertar og concerto grosso eftir Corelli, Vivaldi, Scarlatti, Leclair, sem og nýsaminn (og að hluta til spunninn) "barokk"-konsert eftir Halldór Bjarka, semballeikara hópsins. Komu meðlimir sveitarinnar fram ýmist í einleiks- eða meðleikshlutverki.<br><br>Barokksveit þessi er því nýstofnuð sveit ungra tónlistarmanna sem hefur það að markmiði að kynna barokktónlist af öllum toga fyrir áheyrendum, og þá einkum konsertformið. Tónleikarnir 2. janúar voru mjög vel sóttir og fór aðsókn fram úr væntingum. Efnisskráin höfðaði mjög vel til áheyrenda þar sem hún þótti mjög aðgengileg og hátíðleg en jafnframt full af sjaldheyrðum verkum í fjölbreyttum túlkunum enda ólíkir einstaklingar í einleikshlutverki. Haft var á orði að Dómkirkjan hafi passað mjög vel fyrir þessa tónleika og það var einstaklega góð stemning í salnum. Vegna frábærra undirtekta og fjölda fyrirspurna um hvort tónleikarnir verði ekki örugglega endurteknir næstu áramót höfum við ákveðið að endurtaka leikinn og stefnum á að Barokkveislan verði árlegur viðburður.<br><br>Markmið sveitarinnar er annars vegar að kynna áheyrendum fyrir frábærum verkum frá barokktímanum, bæði þekktum verkum og verkum sem sjaldan eru flutt en þó aðgengileg öllum hlustendum og hins vegar að gefa hvort öðru tækifæri til að flytja einleikskonserta að eigin vali. Með svo lítinn hóp flytjenda skapast tækifæri til þess að nálgast tónlistina eins og kammermúsík, en verkavalið krefst þess einnig að einleikarinn fái að njóta sín og leiði hópinn. Í hverjum konsert tekur nýr flytjandi að sér einleikarahlutverkið en þannig fá áheyrendur að hlýða á margar mismunandi tegundir konserta og á nýja útfærslu og túlkun á hverju verki. Næsta Barokkveisla verður þann 2. janúar 2024 í Dómkirkjunni. Fluttir verða einleikskonsertar eftir Antonio Vivaldi, Georg Philipp Telemann og Arcangelo Corelli. | 100.000 kr. |
| **Vegglistaverk í undirgöngin við Grettisgötu 73** | Frá því að ég flutti á Grettisgötu 73 í íbúð sem tengdaforeldrar mínir eiga fyrir þremur árum hefur alltaf verið mikið krotað í undirgöngin sem liggja inn á gamla stjörnuportið. Það breyttist þegar við fengum frægan veggverkjamálara frá bretlandi til þess að gera veggverk í undirgöngin, þá eins og von er og vísa hætti krotið þegar komið var fallegt verk til staðar. en því miður var skilið eftir rusl í göngunum og kveikt í því svo mála þurfti allt upp á nýtt eftir viðeigandi viðgerðir. Nú langar okkur í húsinu til þess að bjóða listamanni sem lengi hefur unnið í Reykjavík við vegglistaverk og gengur undir nafninu andartak til þess að gera verk á veggi portsins og lífga upp á útlit þessa fína ports, og í leiðinni heiðra sögu stjörnuports ins og þess lífs sem hefur átt sér stað þarna í bænum í gegnum áratugina. | 300.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| **Götubitahátíð í Hljómskálagarðinum 19-21 júlí 2024** | Götubitahátíðin í Hljómskálagarðinum er fjölskyldu og matarhátíð þar sem áhersla er lögð á götubita (e.streetfood). Á hátíðinni er að finna yfir 30 söluaðila og matur frá hinum ýmsu heimshornum, ásamt leiktækjum og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Hátíðin verður haldin helgina 19-21 júlí<br><br>Götubitinn óskar eftir samstarfi og styrk úr Miðborgarsjóði til þess að að setja á laggarinar stærsta matarviðburð á Íslandi sem er jafnframt þriðji stærsti viðburðir sem haldin er hér á landi (fyrir utan Menningarnótt og Hinsegin dagar) Götubitahátíðin er fjölskyldu og matarhátíð. Á hátíðinni er að finna fjölbreytt úrval af mat sem seldur er í matarvögnum, sölutjöldum, gámum og öðrum sölubásum. Einnig er boðið uppá ýmiskonar skemmtanir fyrir alla fjölskylduna, t.a.m,. hoppukastalar, leiktæki og tónlistaratriði. Götubithátíðin hefur skipað sér í sessi sem einn fjölmennasti viðburðurinn á Íslandi. Á síðasta ári komu yfir 50.000 gestir og yfir 30 söluaðilar tóku þátt í viðburðinum í Hljómskálgarðinum. Hátíðin var fyrst haldin á Miðbakknum 2019 og sóttu þá um 20.000 gestir hátíðina, þannig hún hefur farið vaxandi frá stofnun. Hátíðin hefur aldrei verið eins fjölbreytt og í ár þar sem gestir gátu gætt sér mat frá hinum ýmsum heimshornum eins og Mexikó, Indlandi, Ástralíu, Nepal, Póllandi, Kóreu, Kína, Ítalíu, Kólimbíu, Spáni, Bandaríkjunum, Tyrklandi, Íslandi, Belgíu. Samhliða hátíðinni þá er haldin keppnin um besta íslenska götubitan í samstarfi við evrópsku götubita verðlaunin, þar sem fjölmargir íslenskir söluaðilar keppa í hinum ýmsu flokkum um „Besti Götubiti Íslands“.<br><br>Markmið Götubitahátíðarinnar er:<br>• Sameina þá fjölmörgu aðila sem selja spennadi og ögrandi götubita.<br>• Bjóða einstaklingum og smærri aðilum tækifæri á að koma sér á framfæri<br>• Hýsa keppnina besti götubiti íslands (Iceland Street Food Awards)<br>• Skapa lifandi og stóran útimarkað sem á sér ekki hliðstæðu á íslandi<br>• Gott samstarf við veitingastaði, mathallir og matarvagna í Reykjavík (og víðar)<br>• Skapa líf í Miðborginni og bjóða borgarbúum og gestum uppá öðruvisi upplifun (eins og þekkist erlendis)<br>• Bjóða uppá nýjungar i mat og drykk<br>• Kynna íslenskan götubita (street food) á erlendum vettvangi í samstarfi við European Street Food Awards<br>• Götubitahátíðn sé opin öllum, frítt inná hátíðina<br>• Hátíðin verði nokkurskonar fjölþjóðahátíð þar sem hægt verður að prufa mat frá hinum ýmsu heimshornum<br>• Gera Hljómskálgarðinn að vinsælum, og skemmtilegum áfangastað<br>• Fjölskylduvænn viðburður þar sem allir eru velkomnir<br>• í ár ætlum við að bæta við föstudeginum þannig hátíðin er þá frá föstudegi til sunnudags. | 1.000.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík Fringe 2024** | RVK Fringe Festival er alþjóðleg jaðarlistahátíð, stökkpallur og tengslanet fyrir listafólk að koma sér á framfæri hérlendis sem erlendis. Hátíðin einblínir á að draga listasenu jaðarsins fram í dagsljósið og lyfta upp grasrótarlisthópum landsins.<br><br>RVK Fringe fer fram í sjöunda sinn sumarið 2024, dagana 17. - 23. júní. Hátíðin fagnar fjölbreyttri list, t.d. leiklist, tónlist, sirkús og dansi, en einnig óvenjulegri og jaðarsettari listformum svo sem uppistandi, gjörningum, götulistaverkum og tölvuleikjum. Á hátíðinni fara fram námskeið, fyrirlestrar og viðburðir fyrir listamenn til að mynda tengsl sín á milli. Hátíðin styður við listræna flóru borgarinnar og býður borgarbúum jafnt sem ferðamönnum upp á skemmtilega og fjölbreytta afþreyingu á viðráðanlegu verði yfir hásumartímann þegar leikhús borgarinnar liggja í dvala.<br><br>Til að kynna hátíðina verða haldnir viðburðir reglulega yfir árið, einnig verður haldið “Hálft ár í Fringe” kynningarhóf í byrjun árs 2024, sem hitar Reykjavík upp fyrir komandi hátíð um sumarið með skemmtilegum og fjölbreyttum atriðum. Ásamt “Hálft ár í Fringe” verður boðið upp á “Pop up” Fringe viðburði fram að hátíðinni sjálfri sem fer fram í júní 2024. Markmið þessara viðburða er að kynna hátíðina fyrir borgarbúum og erlendum ferðamönnum og fylla miðbæ Reykjavíkur af söng, dans og allskonar list. Áhersla verður lögð á að stækka við áhorfendahóp hátíðarinnar og ekki aðeins ná til fullorðinna áhorfenda heldur einnig áhorfenda á aldrinum 1-12 ára með því að bjóða upp á meira úrval barnvænna sýninga.<br><br>Kynningarhófið “Hálft ár í Fringe” verður haldið um miðjan janúar á Gauknum, degi áður en umsóknarfrestur fyrir hátíðina rennur út. Þannig gefst listamönnum sem hafa ekki heyrt um hátíðina áður kostur á að sækja um áður en umsóknarfrestur rennur út. Í kynningarhófinu munu þátttakendur frá fyrri árum bjóða upp á skemmtiatriði. Verðlaunahafar liðins árs stíga á stokk, s.s. Ari Eldjárn ásamt fleiri uppistöndurum sem eru e.t.v. nýbyrjaðir í senunni. Frítt er inn á viðburðinn og hann opinn almenningi. Í boði verða létt tónlistaratriði, dans og annarsskonar skemmtun.<br><br>Á hátíðinni má búast við 70-100 mismunandi verkum sem verða sýnd á 5 daga tímabili á staðsetningum víða um miðborg Reykjavíkur, þar af eru um 70% íslensk. Áhersla er lögð á að sýningarstaðir séu í auðveldu göngufæri hver frá öðrum og stuðla þar með að lifandi miðborg. Verk eru sýnd 1-3 sinnum á tímabilinu svo allt í allt verða sýningar ríflega 200 talsins. Við höfum fundið fyrir því að hátíðin hefur fest sig í sessi fyrir ýmsa listræna jaðarhópa, sem stóla á að geta sýnt verk sín á RVK Fringe ár hvert. Hátíðin hefur t.d. gert gríðarlega mikið fyrir uppistandssenuna, en margir uppistandarar landsins líta á hátíðina sem nokkurs konar uppskeruhátíð og undirbúa einleikssýningar allt árið til að frumsýna á hátíðinni. | 500.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| **Fimmtudagurinn langi 2024** | Myndlistarmiðstöð (áður Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar), kt. 490305-1220, sækir um styrk að upphæð 1.000.000 kr. fyrir hönd klasasamstarfsins Fimmtudagurinn langi.<br><br>Síðasta fimmtudagur í hverjum mánuði er Fimmtudagurinn langi. Þá stilla listasöfn og sýningarstaðir sig saman og bjóða upp á lengdan opnunartíma, frá kl. 17:00-21:00/22:00. Allir samstarfsaðilar leggja sitt af mörkum til að gera áhugaverða og fjölbreytta dagskrá, m.a. með því að opna nýjar myndlistarsýningar, bjóða upp á leiðsögn og margskonar smiðjur. Átakið hófst vorið 2020 og hefur hægt og rólega verið að vinda upp á sig. Tímabilið sem um ræðir er janúar – nóvember 2024, alls 11 skipti, og verður styrkurinn notaður til að standa fyrir öflugri kynningu til að ná til sem flestra.<br><br>Samstarfsaðilar:<br>Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, BERG Contemporary, Hverfisgallerí, Kling & Bang, Nýlistasafnið, i8 gallerí, i8 Grandi, Höggmyndagarðurinn - Myndhöggvarafélagið í Reykjavík, SÍM gallerí - Samband íslenskra myndlistarmanna, Gallerí Port, Núllið gallerí, Þula, Flæði, Norræna húsið, Listval, Harbinger, Gerðarsafn,<br>Auk einstaka sýningar eða vinnustofur sem taka þátt þegar svo ber undir.<br><br>Tilgangurinn er að skapa hvata til að borgarbúar, og aðrir gestir, heimsæki listasöfn og sýningarstaði með því að auka og bæta aðgengi að samtímamyndlist utan hefðbundins opnunartíma og bjóða upp á margsskonar viðburði í tengslum við átakið. Styrkurinn notaður til að standa fyrir öflugri kynningu til að ná til sem flestra. | 1.000.000 kr. |
| **Sumarjazz Jómfrúarinnar 2024** | Jazzprógrammið er á sínum stað á hverju sumri. Það er Sigurður Flosason sem fer með skipulagsvald í gerð dagskrár, Jómfrúin sér um bjórinn, matinn og sólina á Jómfrúartorginu. Fyrstu tónleikar verða samkvæmt venju fyrsta laugardag í júní og svo alla laugardaga út ágúst, milli 15 og 17. Leikið er utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.<br><br>Það jafnast ekkert á við jazz! | 400.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| **Fyrirbæri múltí komplex listamannarekið rými: sýningar og viðburðir á árinu 2024** | Fyrirbæri er rekið algjörlega á frumkvæði listamanna og hafa nágrannar og nær samfélag tekið starfsemi Fyrirbæris fagnandi og þá sérstaklega tilkomu sýningarrýmis og viðburðum tengdu því. Tilvist Fyrirbæris er faktís hreiður frumkvæðis, nýsköpunar og rannsóknar í hjart Kvosarinnar þar sem skapandi starfandi Reykvískir borgarbúar fá að vinna og sýna afrakstur sinn og deila með íbúum og öðrum hagsmunaaðilum borgarinnar, landsmönnum öllum og erlendum gestum.<br><br>Markmið Fyrirbæris er að styðja við grunnþarfir listrænnar starfsemi listamanna með því að skapa vettvang fyrir vinnustofur og sýningarrými til að sýna afrakstur vinnunar. Um er að ræða ríkulega sýningarröð á árinu 2024 sem hverfast mun um einka- og samsýningar, gjörninga- og tónlistar viðburði þvert á miðla. Fyrirbæri tekur virkan þátt í öllum helstu viðburðum Reykjavíkur, listahátíðum, borgin okkar og mánaðarlegum viðburðum eins og löngum fimmtudegi. Staðsetning Fyrirbæris er fyrirtaks tengibrú milli Hafnarsvæðisins og miðbæjarins. Frítt er inn á alla viðburði Fyrirbæris og allir velkomnir. Einnig verður boðið upp á opnar vinnustofur og taka listamenn reglulega á móti skólahópum og erlendum gestum. Tilvist starfsemi múltí komplex rýmis Fyrirbæri vekur gleði á meðal íbúa, starfandi listamanna og listasenunnar sjálfrar. Fjölbreytileiki og virkni Fyrirbæris er einsdæmi í Reykvískri menningu og starfsvettvangi listamanna sömuleiðis.<br><br>Vinnustofur og sýningar á vegum Fyrirbæris á Ægisgötu 7 eru nauðsynlegar fyrir starfandi listamenn í Reykjavík bæði vegna staðsetningu og aðgengi inn á vinnstofur og sýningarrými þar sem byggingin er sniðin fyrir flókin og fyrirferðamikil listaverk. Starfsemi Fyrirbæris skapar tækifæri fyrir framþróun á íslenskri samtímalist og vettvang fyrir tilraunir og þróun auk víxlverkunar í listinni. Menning verður að fá að halda sínu rými í kjarna borgarinnar þar sem tenging við mannlífið er stór hluti af því að vinna í skapandi starfsgeira. Einnig verður til ríkt samtal á milli listamanna og sérfræðinga innan starfssviða þar sem yfir 30 listamenn þvert á listgreinar deila vinnustofum á Ægisgötu 7. Struktur Fyrirbæris er fullkominn grunnur fyrir Samstarfs- og samvinnuverkefni ólíkra listamanna og aðra sem vilja takast á við frumkvæði, nýsköpun og rannsóknir að verða til. Tækifæri til að sýna niðurstöður á hinum ýmsum verkefnum innan veggja Fyrirbæris í sýningarsal hússins sem og upplýsingar um öll verkefnin eru gerð skil á heimasíðu Fyrirbæris og þeirra sem skapa hvert og eitt verkefni.<br>Vinnustofur og sýningarrými Fyrirbæris á Ægisgötu 7 eru einnig nauðsynlegar fyrir þá starfandi listamenn í Reykjavík sem nýta sér verkstæði Höggmyndafélags Reykjavíkur (Höggó) sem er í næstu götu. En vert er að taka fram að Fyrirbæri er einnig stofnað af félagsmönnum Höggó sem þurfa á vinnustofum að halda í miðbænum með góðu aðgengi fyrir flókin og fyrirferðamikil listaverk og verkefni. Eins og fram hefur komið býr Ægisgata 7 yfir fullkomnu aðgengi og aðstöðu fyrir ýmislega vinnu, við keramik t.a.m. og annars sem að krefst umstangs því útveggir hússins eru þykkir og traustir. Enda var sjálf byggingin byggð fyrir verkstæði eins og sjá má á gömlum teikningum. Sótt er um í Miðborgarsjóð fyrir lágmark átta sýningar- og viðburði fram að vori 2024. En Fyrirbæri ætlar sér að halda utanum vinnustofur listamanna og setja upp reglulega sýningar- og viðburði á út árið 2024. Styrkur Miðborgarsjóðs er grunndvöllur fyrir tilvist sýninga í gallerí Fyrirbæris á Ægisgötu 7. | 2.000.000 kr. |

# Ferli úthlutunar úr Miðborgarsjóði

Auglýst skal eftir umsóknum að minnsta kosti einu sinni á ári. Þegar umsóknarfrestur er liðinn skal verkefnisstjóri miðborgarmála taka saman upplýsingar um umsóknir sem og tillögur að úthlutun í samráði við borgarritara. Tillögur um úthlutun skulu lagðar fyrir samstarfshóp um málefni miðborgar til umsagnar. Í kjölfarið leggur borgarritari þær fyrir borgarráð til staðfestingar.



[reykjavik.is/midborgarsjodur](reykjavik.is/midborgarsjodur)